

Tilbrigði í íslenskri setningagerð

III. Sérathuganir

Ritstjórar

Höskuldur Þráinsson,
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

Aðrir höfundar

Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Tania E. Strahan,
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eypórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands
Reykjavík 2017

Tilbrigði í íslenskri setningagerð III

Útgefandi: Málvísindastofnun Háskóla Íslands
www.malvis.hi.is

©2017 Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Dreifing: Háskólaútgáfan (Distribution: University of Iceland Press)
Háskóla Íslands, 101 Reykjavík, ICELAND
<http://haskolautgafan.hi.is/>, hu@hi.is

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis
Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tölvuvinnsla: Höskuldur Þráinsson
Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir
Prentun: Litlaprent
www.prent.is

ISBN: 978-9979-853-53-4

19. Eignarfall og eignarliðir

Einar Freyr Sigurðsson

19.1 Inngangur

Í íslensku er hægt að tákna samband eignar og eiganda á ýmsa vegu eins og kom fram í 13. kafla í *Tilbrigðabók II*.¹ Í eftirfarandi setningu er **eignin** (e. *possessee*), eða eignarorðið, *bókin* en **eigandinn** (e. *possessor*), eða eigandaorðið, er táknaður með eignarfor nafni, *mín*.

(19.1) **Bókin mín** er ónýt.

Líklegt má telja að flestir samþykki setninguna í (19.1) en þar er eignin merkt með greini. Án greinis, skv. minni málvitund a.m.k., verður setningin óeðlileg:

(19.2) ??**Bók mín** er ónýt.

Þó gæti gerðin í (19.2) gengið við sumar aðstæður, t.a.m. í rituðu máli. Höskuldur Þráinsson (2007:93) sýnir setninguna í (19.3) (og einnig (19.4)), eftir ábendingu Halldórs Ármanns Sigurðssonar, en þar þætti líklega betra að sleppa greininum í rituðu máli:²

(19.3) **Bók/Bókin mín** um íslenska setningafræði fékk góða dóma.

(Höskuldur Þráinsson 2007:93)

Hér kemur líklega fleira til en einungis munurinn á rituðu og töluðu máli því að eðlilegasta túlkunin á setningunni í (19.3) er sú að ég hafi skrifað bókina og þannig sé ekki endilega vísað til mín sem eiganda hennar. Í setningunni er sem sagt vísað til ákveðins verks, eins og Höskuldur bendir á, og þá er hægt að nota greininn eða sleppa honum (sjálfur myndi ég líklega oftast nota greininn við óformlegar aðstæður þótt ég hefði mun síður tilhneigingu til þess í formlegu málsniði). Í (19.4) er aftur á móti vísað til ákveðins eintaks af bókinni, að því er virðist, og þá gengur mun síður að sleppa greininum, hvort heldur sem er í formlegu eða óformlegu máli:

¹ Ég þakka Höskuldi Þráinssyni fyrir ýmiss konar aðstoð og athugasemdir, allt frá því að ég skrifaði BA-ritgerð mína undir handleiðslu hans um *hjá*-eignarliði sem eru annað meginumfjöllunarefni kaflans. Ég þakka Jim Wood og Hlíf Árnadóttur fyrir umræðu um efni kaflans og athugasemdir og Þórhalli Eypórssyni fyrir ýmsar athugasemdir um *hjá*-liði og Ólafsfjarðareignarfallið en síðarnefnda setningagerðin var nokkuð til umræðu í námskeiðinu Sögulegri setningafræði sem hann kenndi á vormisseri 2008. Að lokum þakka ég samstarfsfólki mínu í Tilbrigðaverkefninu fyrir fjölmargar ábendingar og áhugaverð dæmi til að skoða.

² Hið sama á við um fleiri orð svo sem *skoðun*. Ef notað er eignarfor nafn hljómar einhvern veginn ekki eðlilega að segja *Hver er skoðunin þín?*, þar fer betur á því að segja *Hver er skoðun þín?* eða jafnvel að hafa eignarfor nafnið á undan nafnorðinu, *Hver er þín skoðun?*, eða hugsanlega nota *hjá*-lið, *Hver er skoðunin hjá þér?* Ef eigandinn er táknaður með sérnafni hljómar skringilega að mínu mati að segja *Hver er skoðunin hans Jóns?* Í því tilfelli þætti mér mun eðlilegra að segja *Hver er skoðun Jóns?*

(19.4) Hvar er **?*bók/bókin mín** um íslenska setningafræði?

(Höskuldur Þráinsson 2007:93)

Sami munur og er á (19.3) og (19.4) kemur fram ef eigandaorðið er sérnafn. Án greinis gengur setning samsvarandi (19.3) en ekki (19.4). Þetta er sýnt í (19.5):

(19.5) a. **Bók Jóns** um íslenska setningafræði fékk góða dóma.

b. **?*Hvar er bók Jóns** um íslenska setningafræði?

Til að bæta úr þessu er hægt að nota **ákvæðisfornafn** (e. *(pre)proprial article*) með sérnafninu, sbr. **Hann** Jón kom í heimsókn áðan (sjá t.d. 13. kafla í *Tilbrigðabók II* og einnig t.d. Friðrik Magnússon 1984:96, Höskuld Þráinsson 2005:67, Halldór Ármann Sigurðsson 2006, Wood 2009). Þar með verður setning sambærileg (19.5b) tæk sem og setning sem er sambærileg (19.5a):

(19.6) a. **Bókin hans Jóns** um íslenska setningafræði fékk góða dóma.

b. Hvar er **bókin hans Jóns** um íslenska setningafræði?

Notkun ákvæðisfornafnsins telst þó líklega til frekar óformlegs málsniðs. Til dæmis væri líklegt að yfirlesari myndi fetta fingur út í það ef ég notaði setninguna í (19.6a) í meginmáli þessa kafla. Flestum þætti líklega eðlilegra að sleppa bæði ákveðna greininum og eignarfornafninu í ritmáli, sbr. (19.5a).

Þó þætti sumum eðlilegra, þá hugsanlega frekar í talmáli en ritmáli, að segja setningarnar í (19.7):

(19.7) a. **Bókin Jóns** um íslenska setningafræði fékk góða dóma.

b. Hvar er **bókin Jóns** um íslenska setningafræði?

Hér höfum við enn eitt afbrigðið, Ólafsfjarðareignarfallið svokallaða, þar sem ákvæðisfornafninu er sleppt en þó er ákveðinn greinir á eignarorðinu (sjá kafla 13.4 í *Tilbrigðabók II*). Þetta er að segja má einkenni setningagerðarinnar.³ Næsta víst er að mörgum lesendum þyki þetta ekki eðlileg málnotkun, hvort sem vísað er til verks eftir Jón eða bókar í eigu hans, en þeir eru þá sennilega ekki aldir upp á Ólafsfirði, Sauðárkróki eða Siglufirði. Ástæðan fyrir þeirri fullyrðingu er að þetta er landshlutabundið tilbrigði eins og kom berlega í ljós í könnun verkefnisins. Þessi eignargerð er önnur setningagerðanna sem er til sérstakrar athugunar í þessum kafla en hún hefur verið kennd við Ólafsfjörð og kölluð *Ólafsfjarðareignarfallið* (sbr. t.d.

³ Eigandinn er nær alltaf lifandi vera/verur en þó finnast mögulegar undantekningar frá því:

(i) B-I-B-L-Í-A er **bókin bókanna**.

Þessi söngtexti, sem sunnudagaskólagengnir lesendur ættu að kannast við, inniheldur ákveðinn greini á eigninni, *bókin*, en þar á eftir fer svo „eigandinn“, ákveðið samnafn í eignarfalli, *bókanna*, sem táknar ekki lifandi veru heldur hlut(i). Þetta mætti e.t.v. fella undir setningagerðina þótt merking nafnliðarins *bókin bókanna* sé af öðrum toga en t.d. *bókin Jóns*: nafnliðurinn í (i) merkir að Biblían sé merkilegust allra bóka, eða eitthvað í þeim dúr, en *bókin Jóns* gefur til kynna að Jón eigi bókina (eða mögulega að hann hafi skrifað hana).

Annað dæmi um að eignarorðið sé ákveðið og að eigandaorðið sé ekki lifandi vera er sýnt í (ii):

(ii) Það er **mergurinn málsins**.

Einnig er talað um að eitthvað sé *mergur málsins* en ekki hefur verið kannað hvort þeir sem nota Ólafsfjarðareignarfallið geti frekar en aðrir notað nafnliði á borð við þá sem sýndir eru í (i)–(ii).

Gunnhildi Ottósdóttir 2006 og Guðjón Ragnar Jónasson 2008). Þess skal þó getið að í Tilbrigðaverkefninu var Ólafsfjarðareignarfallið ekki athugað í setningum eins og (19.7a), þar sem eðlilegasta túlkunin er að Jón sé höfundur bókarinnar.

Fleiri leiðir eru svo til við að sýna „eignartengsl“ en að hafa eigandann í eignarfalli.⁴ Til dæmis er hægt að nota forsetningar.

- (19.8) a. **Hausinn á mér** er að springa.
b. **Augun í Jóni** eru blá.

Þegar forsetningar eru notaðar sýna þær gjarnan óaðskiljanlega eign en við getum sagt að líkamshlutar séu svo til óaðskiljanlegir hlutar líkamans. Notkun *á* og *í* í dæmum eins og (19.8) er yfirleitt gegnsæ að því leyti að forsetningin *á* er oftast notuð með líkamshlutum sem eru (*utan*) *á* líkamanum en *í* með líkamshlutum sem eru (*innan*) *í* honum. Undantekningar finnast þó á því að t.d. óaðskiljanlega eignin *augu* sé notuð með forsetningunni *í* (sbr. (19.8b)). Þannig er yfirleitt talað um að *horfa í augun á einhverjum*. Eins eru taugarnar í líkamanum en þó er talað um að eitthvað fari í *taugarnar á einhverjum*, ekki *í einhverjum* jafnvel þótt líklega sé almennt ekki talað um *taugarnar á einhverjum*.⁵

Við getum hins vegar ekki notað þessar forsetningar til að tákna að við eigum hluti, t.d. bíl:

- (19.9) ***Bíllinn á/í mér** kostaði hálfa milljón.

Hins vegar virðist sem forsetningin *hjá* sé stundum notuð í þessum tilgangi. Mögulegt er að túlka *mér* í (19.10) sem eiganda bílsins, a.m.k. í máli sumra (sbr. Einar Frey Sigurðsson 2006):

- (19.10) **Bíllinn hjá mér** kostaði hálfa milljón.

Í kaflanum verður vísað til eignartengsla eins og þeirra sem táknuð eru í (19.10) sem *hjá*-(eignar)liða.

Í þeim dæmum sem við höfum séð hingað til um að eignartengsl séu táknuð með forsetningarlið er eignarorðið lifandi vera. Það er þó ekkert skilyrði:

- (19.11) a. **Þakið á húsinu** er grænt.
b. **Maturinn á borðinu** er farinn að skemmast.

⁴ Hægt er að tákna samband eiganda og eignar á margvíslegan máta. Í þessum kafla er ekki fjallað um eignarliði þar sem sagnirnar *vera með*, *hafa* og *eiga* koma við sögu:

(i) a. Kettir **eru með/hafa/*eiga** veiðihár.

b. Jón og María ***eru með/*hafa/eiga** tvær dætur.

Slíkar eignargerðir voru ekki til athugunar í Tilbrigðaverkefninu en áhugasömum er bent á t.a.m. Jón G. Friðjónsson 1978:70, 94, Gustavs 1982, Irie 1997, Stolz o.fl. 2008, Levinson 2011 og Myler, Einar Frey Sigurðsson og Wood 2014 þar sem fjallað er m.a. um íslensku, en einnig má geta þess að a.m.k. Szabolcsi 1981, Freeze 1992 og Kayne 1993 eru grundvallargreinar í generatífri málfræði sem fjalla um sagnarsambönd sem sýna samband eignar og eiganda.

⁵ Ég þakka Jim Wood fyrir að benda mér á fjölbreytileika í notkun forsetninga í íslensku með óaðskiljanlegri eign.

Í (19.11a) er um að ræða óaðskiljanlega eign en ekki í (19.11b). Í hvorugu dæminu væri hægt að nota forsetninguna *hjá* og engar vísbendingar eru um að með aukinni notkun *hjá* aukist fjölbreytni eigendaorða — þau verða eftir sem áður að tákna lifandi veru (dæmin í (19.12) eru sennilega ekki ótæk í staðarmerkingu, þ.e. ‘Þakið sem er hjá eða nálægt húsinu er grænt’ og ‘Maturinn sem er hjá eða nálægt borðinu er farinn að skemmast’).⁶

- (19.12) a. *Þakið hjá húsinu er grænt.
b. *Maturinn hjá borðinu er farinn að skemmast.

Vísbendingar voru taldar vera um að notkun *hjá* í eignarmerkingu væri að aukast og jafnvel breytast, e.t.v. í átt til notkunar *hjá* í færeysku (sbr. t.d. Höskuld Þráinsson 2005:217, 2007:95, nmgr. 7, 2015; sjá líka umræðu um færeysku í kafla 19.2.2 hér á eftir) og því var þetta kannað í Tilbrigðaverkefninu (sjá t.d. Höskuld Þráinsson o.fl. 2007 og kafla 13.5 í *Tilbrigðabók II*). Þetta, ásamt Ólafsfjarðareignarfallinu sem minnst var á að ofan, er aðalumfjöllunarefni þessa kafla.

Þessi stutti inngangur ætti að gefa lesendum nasasjón af tilbrigðum í notkun eignarliða og eignarfalls. Markmið þessa kafla er af tvennum toga. Í fyrsta lagi er ætlunin að athuga sambandið milli eignarliða og félagsbreytna. Það að setningagerðin í (19.7) sé kennd við Ólafsfjörð gefur til kynna að hún sé landshlutabundin (sjá líka kafla 13.4 í *Tilbrigðabók II*). Er það örugglega svo? Koma fleiri þættir við sögu, svo sem aldur eða menntun? Hvað um *hjá*-liði? Að hvaða leyti er dreifing þeirra öðruvísi m.t.t. félagsbreytna? Ætli þessar setningagerðir séu í sókn?

Í öðru lagi verður reynt að gera betur grein fyrir setningagerðunum, einkum *hjá*-liðum. Sumir málhafar, þó ekki allir, geta sagt setningar eins og *Bíllinn hjá mér er bilaður*. Geta þeir notað *hjá*-liði með hvaða nafnliðum sem er? Geta þeir kannski líka sagt *Mamman hjá mér er sofandi* í stað *Mamma mín er sofandi*? Við skoðum þetta nánar hér á eftir og rýnum í hvaða takmarkanir eru hugsanlega á notkun Ólafsfjarðareignarfallsins.

Sumar af þeim spurningum sem hér hafa verið bornar upp eru líka ræddar að einhverju leyti í köflum 13.4 og 13.5 í *Tilbrigðabók II* og hér á eftir verður oft vísað til þess þegar þessi atriði eru tekin til nánari skoðunar.

19.2 *Hjá*-eignarliðir

19.2.1 *Mismunandi merking hjá*

Forsetninguna *hjá* er hægt að nota í margvíslegri merkingu en oft þegar hún er notuð vísar hún til staðar en í *Íslenskri orðabók* (2002:591) eru tínd til margvísleg dæmi um staðarmerkingu *hjá*, sbr. (19.13). Þar eru einnig sýnd dæmi um *hjá* í óeiginlegri eða yfirfærðri merkingu, sbr. (19.14).⁷

⁶ Þegar rætt er um dæmi eins og *nefið á mér* og *þakið á húsinu* er hvorttveggja gjarnan kallað óaðskiljanleg eign. Stundum er þó ástæða til að gera greinarmun þar á eins og t.d. í palestínubísku (Boneh og Sichel 2010) — að sama skapi virðist ástæða til að gera skýran greinarmun á því hvort „eigandinn“ er lifandi vera eða ekki þegar um er að ræða eignartengsl sem táknun eru með forsetningum enda verður eigandinn að vera lifandi vera í *hjá*-eignarliðum.

⁷ Í *Íslenskri orðabók* (2002:591) eru flokkarnir um notkun *hjá* sjö talsins en hér hafa nokkrir verið sameinaðir þannig að úr verða þrír flokkar, sbr. (19.13)–(19.15), en höfð var hliðsjón af flokkun Kress (1982:191) sem skiptir notkuninni í tvennt, staðarmerkingu (þ. *örtlich*) og yfirfærða merkingu

(19.13) **Staðarmerking**

- a. *við hliðina á ...*
setjast hjá e-m
- b. *í námunda við, nálægt*
Hún er rétt hjá garðinum.
- c. *á vist með, á heimili eða í vörslu, með*
 1. Barnið er hjá móður sinni.
 2. Peningarnir eru hjá mér.
- d. *við, viðstaddur*
Hann var hjá.
- e. *(í póstáritun) sem er staddur hjá, vistaður hjá, í umsjón*
 1. Jón Bjarnason, hjá Védísi Jónsdóttur ...
 2. Nýafli ehf., hjá Finni Ólafssyni ...
- f. *(um hreyfingu í námunda) rétt utan við*
fara <fram> hjá

(19.14) **Óeiginleg eða yfirfærð merking**

- a. *með, meðal*
Hún er óvirt hjá systur sínum.
- b. *í samanburði við*
Ekki var það nú mikið hjá þessu.
- c. *í ýmsum samböndum með sögnum*
 1. sneiða hjá <e-u>
 2. fara hjá sér

Til viðbótar dæmunum í (19.13) og (19.14) eru sýnd dæmi í *Íslenskri orðabók* (2002:591) um *hjá* í nokkurs konar eignarmerkingu:

(19.15) **Eignarmerking**

til að sýna svipaða afstöðu og eignarfallssamband
Þangað er ferðinni heitið hjá mér.

Eflaust mætti tína fleira til⁸ en hér er ætlunin að skoða *hjá* í eignarmerkingu, sbr. setninguna í (19.15) en merking hennar er í *Íslenskri orðabók* sögð vera 'Ferð minni er heitið þangað'.

(þ. *übertragen*). Sjöunda flokknum í *Íslenskri orðabók* var sleppt en hann sýnir *hjá* í samsettum orðum á borð við *hjáleiga* og *hjákona*.

⁸ Til dæmis mætti bæta við að táknið @ í netföngum (t.d. *einasiq@hi.is*) er í íslensku borið fram sem *hjá*. Þá ræðir Wood (2013) um það sem hann kallar á ensku *unintentional causer* en þar er um að ræða setningar á borð við eftirfarandi:

(i) Rúðan splundraðist hjá Jóni.

Möguleg túlkun á þessari setningu er sú að Jón hafi óviljandi orðið valdur að því að rúðan splundraðist. Í þessari merkingu er ekki um það að ræða að hann eigi endilega rúðuna (sjá nmgr. 9 hér á eftir).

Kjartan G. Ottósson (1986:98) talar um „hugsanlegan geranda“ þegar hann ræðir um samspil miðmyndar og *hjá*-forsetningarliða: „Miðmynd má einnig nota þegar einhver sem gæti svarað til geranda gerir eitthvað óvart, og má þá nefna hinn hugsanlega (potential) geranda í forsetningarlið með *hjá*“:

(ii) a. Það helltist niður mjólk (hjá Snorra).

Eitt er það sem sérstaka athygli vekur í (19.15): Dæmið *Þangað er ferðinni heitið hjá mér* sýnir svipaða afstöðu og eignarfallssamband en þar stendur forsetningarliðurinn *hjá mér* ekki með *ferðinni* ólíkt eignarfallssamböndum — ef t.d. eignarforafn væri sett í stað forsetningarliðarins yrði setningin ótæk, sbr. eftirfarandi:

(19.16) *Þangað er **ferð(inni)** heitið **minni**.

Það er sem sagt almennt ekki hægt að „slíta“ í sundur eignarforafnið eða eignarfallsliðinn og eignina, sjá (19.16). Þó er ekki er víst að allir geti felld sig við að forsetningarliðurinn *hjá mér* standi með *ferðinni* í dæmum eins og (19.17) en það er m.a. umfjöllunarefni þessa kafla:

(19.17) Þangað er **ferðinni hjá mér** heitið.

Það er m.ö.o. ekki víst að *hjá mér* hafi sömu setningafræðilega afstöðu til nafnliðarins *ferðinni* í (19.15) og (19.17).

Í rannsókn Tilbrigðaverkefnisins voru *hjá*-forsetningarliðir skoðaðir þegar þeir standa með eignarorðinu (sbr. *ferðinni hjá mér* í (19.17)):

(19.18) **Tölvan hjá Jóni** er biluð.

Þessi setning er ótvíræð að því leyti að *tölvan hjá Jóni* er einn nafnliður (eða ákveðniliður) eins og við getum sannreynt með því að setja í stað hans forafn, svo sem persónuforafn eða ábendingarforafnið *þessi*. Í staðinn fyrir ***Tölvan hjá Jóni*** er *biluð* getum við sagt ***Hún*** er *biluð* eða ***Þessi*** er *biluð*. Þar með vitum við að *tölvan hjá Jóni* er einn nafnliður í (19.18).

En hvað gerist ef við „brjótum upp“ nafnliðinn? Við getum prófað að slíta í sundur nafnorðið *tölvan* og forsetningarliðinn (líkt og virðist gert í *Þangað er ferðinni heitið hjá mér*):

(19.19) **Tölvan** er biluð **hjá Jóni**.

Greining Woods og Livitz (2012) á setningum sem þessum er að fyrst færist forsetningarliðurinn *hjá Jóni* út úr nafnliðnum og að svo færist afgangurinn af nafnliðnum í frumlagssæti.⁹

b. Snorri hellti (óvart) niður mjólk. (Kjartan G. Ottósson 1986:98)

Stundum getur þó valdurinn í svipuðum setningum og Kjartan og Wood ræða gert eitthvað viljandi, eins og Wood bendir á (eftir ábendingu frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni):

(iii) a. Þetta er snjöll hugmynd hjá Jóni.

b. Þetta var frábært hjá þér. (Wood 2013)

⁹ Ef setningin í (19.19) er tæk er ekki alveg ljóst hvað hún merkir (því er gott að geta sýnt sambengi sem girðir fyrir að hún sé túlkuð á mismunandi hátt). Hún gæti þýtt að tölva Jóns sé biluð, að tölvan sem er hjá Jóni sé biluð eða hugsanlega að tölvan sem Jón bjó til sé biluð. Þetta kemur betur fram í eftirfarandi dæmi sem Wood (2013) sýnir (sjá einnig umræðu í nmgr. 8):

(i) **Rúðan** splundraðist **hjá Jóni**.

Hér er nærtækasta merkingin sú að Jón hafi, þó ekki viljandi, verið valdur að því að rúðan splundraðist. Einnig kemur staðarmerking til greina sem og að rúða í eigu hans (t.d. í húsinu hans) hafi splundrað. Sú merking er hins vegar eðlilegri í dæmi (ii):

(ii) **Rúðan hjá Jóni** splundraðist.

Lítum á sambærilegar setningar með forsetningarliðum sem tákna óaðskiljanlega eign. Í (19.20), þar sem forsetningarliðurinn er fyrst færður út úr nafnliðnum og afgangurinn svo færður í frumlagssæti, verða setningarnar mun verri að mínu mati ef ekki ótækar þegar höfuðorðið er á eða í.¹⁰

Hægt er að greina setningafræðilegan mun á eignarmerkingunni og gerandmerkingunni í (i) í setningu (iii) en þar hefur persónufornafn verið sett í stað nafnorðsins *rúðan*:

(iii) **Hún** splundraðist **hjá Jóni**.

Hér kemur eignarmerkingin ekki til greina. Það þarf ekki að koma á óvart — þegar persónufornafnið er sett inn fyrir nafnliðinn í (iii) (sjá (iv)) getur það ekki komið í stað nafnorðsins *rúðan* eingöngu heldur kemur það einnig í stað foretningarliðarins:

(iv) a. **Hún** splundraðist.

b. ***Hún hjá mér** splundraðist.

Hér verður ekki farið nánar út í þessa sálma. Þegar setningar á borð við *Tölvan hjá mér er í viðgerð* og *Tölvan er í viðgerð hjá mér* voru dæmdar í T1 (Könnun 1) fengu málhafar samhengi sem átti að útiloka aðra merkingu en eignarmerkingu.

¹⁰ Þó vitum við ekki með vissu hvort *hjá Jóni* er fylliliður nafnliðarins *tölvan* eða viðhengi. Slíkt er þó hægt að kanna með ábendingarfornafninu *sá*. Ef hægt er að setja *sú hjá Jóni* í stað *tölvan hjá Jóni* er forsetningarliðurinn að öllum líkindum ekki fylliliður eignarorðsins heldur viðhengi í nafnliðnum (til samanburðar er sýnt þegar ábendingarfornafnið *þessi* er látið koma í stað *tölvan hjá Jóni*):

(i) a. Tölvan hjá Gunnu er biluð en **sú hjá Jóni** er í lagi.

b. Tölvan hjá Gunnu er biluð en **þessi** er í lagi.

a-setningin þykir mér í góðu lagi (og b-setningin auðvitað líka). Það bendir til þess að *hjá*-forsetningarliðurinn sé viðhengi nafnliðarins. Það er athyglisvert, einkum þegar þetta er borið saman við óaðskiljanlega eign sem táknun er með forsetningarlið en hann virðist vera fylliliður frekar en viðhengi eins og sést á því að a-setningarnar í (ii) og (iii) eru að mínum dómi ótækar.

(ii) a. *Augun í Jóni eru blá en **þau í Gunnu** eru græn.

b. Augun í Jóni eru blá en **þessi** eru græn.

(iii) a. *Hausinn á mér er í lagi en **sá á Jóni** er að springa.

b. Hausinn á mér er í lagi en **þessi** er að springa.

Þessi aðferð við að kanna hvort um væri að ræða viðhengi eða fyllilið var ekki notuð í verkefninu þegar *hjá*-liðir voru kannaðir. Prófið mætti gjarnan skoða betur í íslensku en í ensku er það vel þekkt þar sem *the one 'sa'* er notað á sama hátt og *sá*.

Sá munur sem er á (i) annars vegar og (ii)–(iii) hins vegar kann að skipta máli þegar það er kannað hvort setningar á borð við *Tölvan er biluð hjá Jóni* eru tækar í eignarmerkingu þótt ekki sé augljóst að svo sé. Fróðlegt væri að athuga með frekari rannsóknum hvort þeir málhafar sem samþykkja slíkar setningar samþykki líka setningar eins og *Augun eru blá í Jóni*.

Þó er það ekki þannig að með óaðskiljanlegri eign sé ekki hægt að hreyfa forsetningarliðinn án þess að eignarorðið færist með:

(iv) Ég bursta í **mér tennurnar**. (Wood og Livitz 2012; sbr. Hlíf Árnadóttir o.fl. 2011:51)

Í þessari setningu hefur forsetningarliðurinn færst fram fyrir óaðskiljanlegu eignina. Hér virðast *hjá*-liðir í eignarmerkingu hegða sér eins.

(v) Ég þarf að láta athuga **hjá mér tölvuna**. (Wood og Livitz 2012)

Hugsanlega byggist einhver við því að einungis forsetningarliðir sem eru fylliliðir eignarorðsins, en ekki viðhengi, sýndu þessa hegðun, sér í lagi ef forsetningarliðurinn færist í ákvarðarasæti (e. *specifier*) nafnliðarins (*tölvuna*). Wood og Livitz (2012) sýna hins vegar að forsetningarliðurinn getur ekki verið þar — ef hann væri þar væri í *mér tennurnar/hjá mér tölvuna* einn liður og þá ætti að vera hægt að kjarnafæra hann einu lagi:

(vi) a. ***Í mér tennurnar** bursta ég alltaf.

b. **Tennurnar í mér** bursta ég alltaf. (Wood og Livitz 2012)

(vii) a. ***Hjá mér tölvuna** athugaði hann í gær.

b. **Tölvuna hjá mér** athugaði hann. (sbr. Wood og Livitz 2012)

- (19.20) a. ***Hausinn** er að springa **á mér**.
b. ??**Augun** eru blá **í Jóni**.

Ef *hjá*-eignarliðurinn í (19.19) er sambærilegur við (19.20) getum við a.m.k. búist við því að færri samþykki (19.19) en (19.18). Við skoðum það síðar í kaflanum.¹¹

Nú getur verið að einhver telji skrítið að segja að *hjá* hafi eignarmerkingu í ýmsum þeim dæmum sem við höfum skoðað hér að ofan — forsetningin hafi alltaf einhverja tilvísun til staðar. Það kann að vera rétt en þó má t.d. benda á setningu eins og (19.21) úr Tilbrigðaverkefninu:

- (19.21) **Bíllinn hjá henni** er í viðgerð.

Þetta dæmi er, að því er virðist, ótvírætt til marks um að *hjá* hafi eignarmerkingu en mun síður staðarmerkingu því að ef bíll konunnar í (19.21) er í viðgerð þá er hann líklega ekki hjá henni. Við lítum betur á það síðar í þessum kafla, þegar við skoðum niðurstöður Tilbrigðaverkefnisins, hvort það skipti máli að staðarmerking sé svo gott sem útilokuð.

Í þessu sambandi má benda á að þótt nafnliðir eins og *augun í mér* og *augu(n) mín* virðist þýða nákvæmlega það sama má finna mun þarna á:

- (19.22) a. Barnið hefur **augu föður síns**.
b. *Barnið hefur **augun í föður sínum**.

Merking (19.22a) er að barnið hafi augu sem eru eins og eða lík augum föður þess. Þótt auðvitað sé hægt að tala um *augun í föður barnsins* er setningin í (19.22b) mjög skrítin því að hún virðist gefa til kynna að augun sem voru í föðurnum séu nú í barninu — barnið hafi þessi sömu augu (en ekki augu sem eru eins og augu föðursins). Að þessu leyti er kannski hægt að segja að *í* hafi hér staðarmerkingu, þ.e. að barnið hafi yfir að ráða augum sem voru „staðsett“ í föður þess, en varla er hægt að neita því að *í* hafi jafnframt eignarmerkingu.

19.2.2 *Hjá-liðir í færeysku*

Í ýmsum tungumálum er hægt að nota forsetningar sem vísa til staðar til að tákna eignarsamband. Í færeysku eru t.d. forsetningarnar *á* og *í* notaðar til að tákna óaðskiljanlega eign, rétt eins og í íslensku, en notkun *hjá* í eignarmerkingu er talsvert útbreiddari, þ.e. hægt er að nota forsetninguna til að tákna eign á fjölbreyttari hátt en í íslensku. Við lítum nú á dæmi um notkunina.¹²

Það er hins vegar ótækt eins og sést í a-dæmunum. Því stangast þetta ekki endilega á við niðurstöðu prófsins í (i) hér að ofan.

¹¹ Hér skal það þó tekið fram að dæmi sem samsvara (19.20) virðast, a.m.k. í sumum tilfellum, mun betri þegar „eigandinn“ er ekki lifandi vera:

- (i) **Þakið** er hvítt á litinn **á húsinu**.

¹² Hér má til gamans geta að í sumum skyldum málum er, líkt og í færeysku, hægt að nota forsetningu til að tákna að einhver eigi t.d. *bíl*, *bók* eða *tölvu*. Í norsku er t.a.m. hægt að nota forsetninguna *til*:

- (i) boka til Per (norska)
bókin til Per
‘bók Pers/bókin hans Pers’ (Delsing 2003:43)

- (19.23) a. Hetta er bókin hjá honum. (færeyska)
 b. *Hetta er bók hjá honum. (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2012:118)
- (19.24) Her eru húsini hjá einum ríkum manni. (færeyska)
 hér eru húsini hjá einum ríkum manni
 ‘Hér eru hús ríks manns.’ (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2012:63)

Eins og í íslensku táknar eigandaorðið lifandi veru og rétt eins og í öllum *hjá*-liðum sem við höfum séð er eignarorðið með ákveðnum greini. Honum er sleppt í (19.23b) en við það verður setningin ótæk í eignarmerkingu. Samsvarandi dæmi í íslensku er ótækt í eignarmerkingu, **Þetta er bók hjá honum*. Að vísu verður rætt um dæmi sem mörgum þykja tæk í kafla 19.3.1 en þau virðast ekki hafa eignarmerkingu.

Notkunin sem er sýnd í dæmunum hér að ofan er útbreidd í færeysku og almennt mikið notuð og samþykkt. Með það í huga verður fróðlegt að skoða niðurstöður Tilbrigðaverkefnisins síðar í kaflanum.

Í færeysku er notkun eignarfalls á undanhaldi. Engar sagnir stýra lengur eignarfalli og forsetningar sem áður stýrðu ávallt eignarfalli stýra nú stundum þolfalli (sem dæmi um það má nefna *millum* ‘milli’ og *vegna*). Að auki er algengt að notaðir séu *hjá*-eignarliðir þar sem áður hefði líklega þótt eðlilegra að nota eignarfall (um eignarfall og eignarliði í færeysku má t.d. lesa hjá Höskuldi Þráinssyni o.fl. 2012 og einnig hjá Lockwood 1977). Þá hefur færeyska þróað með sér nýtt eignarfall, -*sa*, sem er ólíkt beygingarlegu eignarfalli að því leyti að það merkir heila liði sem fara **á undan** eignarorðinu. Um eignarfall þetta, sem er að ýmsu leyti svipað og eignarfall í ýmsum skandinavískum málum og -s-eignarfall í ensku, hafa t.d. Staksberg (1996), Höskuldur Þráinsson o.fl. (2012) og Lockwood (1977) fjallað.¹³

Þó er ekki hægt að nota ýmis eignarorð með *hjá*-liðum sem tákna lifandi verur og sýna fjölskyldutengsl við eigandann:¹⁴

- (19.25) *pápin/mamman/abbin/omman/konan/dóttirin ... hjá mær (færeyska)
pabbinn/mamman/afinn/amman/konan/dóttirin ... hjá mér
(Höskuldur Þráinsson o.fl. 2012:123)

Það eru sem sagt takmörk fyrir því hvers konar eignartengsl er hægt að tákna með *hjá* í færeysku. Aftur á móti er eftirfarandi dæmi tækt:

Í ensku er svo forsetningin *of* gjarnan notuð í sama eða svipuðum tilgangi. Þar er reyndar gjarnan talað um *of*-eignarfall og þannig mætti þá hugsanlega tala um *hjá*-eignarfall í færeysku (og íslensku að nokkru leyti).

¹³ Eignarfall þetta er einnig stundum notað með fylliliðum forsetninga en einungis þegar fylliliðurinn fer á undan forsetningunni.

(i) Hjalmarσα vegna (færeyska)

‘Hjalmars vegna’ (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2012:180)

¹⁴ Þetta kann að vera að breytast. Bjarki Már Karlsson (2005) lagði könnun fyrir nokkra færeyska málhafa en ein setninganna var eftirfarandi:

(i) Hetta er pápin hjá Jógvani. (færeyska)

þetta er pabbinn hjá Jógvani

'Petta er pabbi Jógvans.'

Átta málfafana samþykktu setninguna, ellefu töldu hana vafasama en aðeins tveir töldu hana ótæka. Sjá líka umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni (2015:202 o.áfr.).

- (19.26) Kettlingurinn hjá kettuni hjá mær er vakur. (færeyska)
kettlingurinn hjá kettinum hjá mér er fallegur
‘Kettlingur kattarins míns er fallegur.’ (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2012:62)

Þrátt fyrir að eignarorðin hér tákni lifandi verur (*kettuni* táknar hér bæði eiganda og eignarorð) er setningin tæk. *Ég* er eigandi kattarins og því kemur það e.t.v. ekki svo á óvart að *kettuni hjá mær* sé tækur liður. Hins vegar er kettlingurinn væntanlega afkvæmi kattarins og þar af leiðandi sýnir fyrri *hjá*-liðurinn einhvers konar fjölskyldutengsl. Það að þessi liður sé tækur sýnir að eignarorðin í (19.25) skera sig úr, setningafræði þeirra er önnur. Við víkjum aftur að þessu fyrir íslensku síðar í kaflanum.

Að lokum má svo nefna óaðskiljanlega eign sem Staksberg (1999–2000) ræðir mjög stuttlega en þar segir hann að oft séu notaðir í færeysku forsetningarliðir með höfuðorðinu *hjá* til að tákna eign, svo sem *bilurin hjá Hanusi* ‘bíllinn hjá Hanusi’ og *bókin hjá Karini*. Einnig séu þeir notaðir til að tákna það sem við köllum óáþreifanlega eign (sjá næsta undirkafla), svo sem *hugsanin hjá Hanusi* ‘skoðunin hjá Hanusi’ og *fyrirmyndin hjá Karini*. Þessa notkun samþykkir Staksberg en honum finnst heldur langt gengið þegar málhafa séu farnir að nota *hjá* í stað forsetninganna *á* og *í* til að tákna óaðskiljanlega eign eins og hann segir að sé orðið algengt. Þetta segir hann vera nýjung. Þannig segi sumir *armurin hjá manninum* ‘höndin hjá manninum’, *hárið hjá gentuni* ‘hárið hjá stúlkunni’, *hjartað hjá dreinginum* og *halin hjá kettuni* ‘rófan hjá kettinum’ (í stað *armurin á manninum*, *hárið á gentuni*, *hjartað í dreinginum* og *halin á kettuni*). Í máli Staksbergs kemur fram að þessi nýja notkun gangi einungis þegar eigandinn er lifandi vera — þótt ýmsir geti sagt *hárið hjá gentuni* segi enginn *hárið hjá hövðinum* ‘hárið hjá höfðinu’ (í stað *hárið á hövðinum*).

Í framhaldi af þessu má benda á meira en hundrað ára umræðu um *hjá*-eignarliði í íslensku sem tákna óaðskiljanlega eign en í *Íslenskri stafsetningarorðabók* ræðir Björn Jónsson (1900:62–64) „nokkur mállýti“. Þar segir hann að frekar skuli segja *Blóðið í fiskunum er kalt* en *Blóðið hjá fiskunum er kalt*.¹⁵ Þess má geta að Björn (1900:VI) segir að flestöll séu „rangmælin (bögmæli, dönskuslettur o.fl.) tekin úr íslenskum ritum, nýjum eða mjög nýlegum“. Erfitt er að átta sig á því hvort Björn sé hér að færa til betri vegar stakt dæmi eða hvort hann hafi orðið var við nokkur dæmi sem þetta. Ef teikn hafa verið á lofti í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. um að forsetningin *hjá* væri að vinna sér sess í málinu þar sem óaðskiljanleg eign er táknuð, þá mætti búast við að nokkurt hlutfall málhafa samþykki setningar þar sem slík eignartengsl eru táknuð með forsetningunni *hjá*. Niðurstöður úr Tilbrigðaverkefninu verða athugaðar hér á eftir en þar voru kannaðir m.a. *hjá*-liðir sem tjá óaðskiljanlega eign.

19.2.3 Flokkun setninganna í Tilbrigðaverkefninu

Setningunum í Tilbrigðaverkefninu sem innihéldu *hjá*-eignarliði má í grófum dráttum skipta í fimm flokka m.t.t. merkingar eignarorðsins (sbr. Einar Frey Sigurðsson 2006, sjá líka kafla 13.5 í *Tilbrigðabók II*), en þeir eru sýndir í dæmum (19.27)–(19.31) hér að neðan:

- (19.27) **Áþreifanleg eign**
Tölvann hjá henni er biluð.

- (19.28) **Óáþreifanleg eign**
Skoðunin hjá henni hefur samt ekkert breyst.

¹⁵ Ég þakka Heimi Frey Viðarssyni fyrir að benda mér á þetta.

(19.29) **Gerandmerking**

Mér fannst ræðan hjá formanninum mjög góð.

(19.30) **Lifandi vera sem eignarorð**

- a. Mamman hjá honum bannar honum það.
- b. Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.

(19.31) **Óaðskiljanleg eign**

Nefið hjá honum er svo rosalega stórt.

Auðvitað mætti sumt flokka á annan hátt en aðalatriðið hér er að setningar í sumum flokkum eru ótækar (að flestra mati) en tækar í öðrum. Samkvæmt minni máltilfinningu er setningin í (19.30a) ótæk með öllu (í merkingunni ‘Mamma hans bannar honum það’). Aftur á móti er hin setningin í sama flokki, (19.30b), mun skárri (það passar við færeysku dæmin sem rædd voru hér framar). Hér mætti þessi flokkur því mögulega skiptast í tvennt, lifandi verur sem sýna setningafræði fjölskyldu- og félagstengsla (sbr. (19.36) hér á eftir) og lifandi verur sem gera það ekki (sbr. (19.37)).

Augljóst ætti að vera hvað átt er við með „áþreifanlegri eign“ og „óaðskiljanlegri eign“ en erfiðara getur verið að skilgreina „óáþreifanlega eign“ (þótt það sé auðvitað eitthvað sem er ekki áþreifanlegt). Hér er þó skýr munur á þessum flokki og *hjá*-liðum með gerandmerkingu en þá er átt við að eigandinn sé gerandi í einhverjum skilningi — í (19.29) heldur hann ræðu.¹⁶ Í (19.28) aftur á móti hefur eigandinn skoðun en ef hins vegar um væri að ræða að hann, eigandinn, hefði skoðað eitthvað (gert skoðun á einhverju) flokkaðist þetta líklega undir gerandmerkingu. Hér eru ekki alltaf svo skörp skil milli *hjá* í eignarmerkingu og í merkingunni ‘með, meðal’. Þannig virðist liður eins og *skoðunin hjá Íslendingum* hafa eignarmerkingu en þó er ekki svo skýr merkingarmunur á þessu og liðnum *skoðunin meðal Íslendinga*.

Nú er orðið tímabært að skoða niðurstöðurnar. Eflaust geta margir lesendur að nokkru leyti gert sér í hugarlund, út frá eigin máltilfinningu, hverjar þær eru. Ég hef þegar lýst því hvað mér þykir um *mamman hjá honum* og *hundurinn hjá henni*. Til viðbótar þessu get ég sagt að mér þykir ótækt að segja *nefið hjá honum* en öllu betra þykir mér þegar eignarorðið er áþreifanleg eign. Best þykir mér hins vegar notkun *hjá*-liða í gerandmerkingu og með óáþreifanlegri eign. Eins og kemur fram í næsta hluta endurspeгла heildarniðurstöðurnar máltilfinningu mína að sumu leyti.

19.3 *Hjá*-eignarliðir: niðurstöður

19.3.1 *Heildarniðurstöður*

Hér að framan sagði að mér þættu *hjá*-eignarliðir einna bestir þegar þeir hefðu gerandmerkingu eða táknuðu óáþreifanlega eign. Lítum á hvernig þetta kom út í

¹⁶ Eftirfarandi dæmi virðist skylt *hjá*-liðum með gerandmerkingu:

(i) Þetta er 8. keppnin hjá honum sem atvinnumanni. (Jón G. Friðjónsson 1979:133)
 Í tengslum við þetta dæmi og önnur svipuð ræðir Jón G. Friðjónsson (1979:132–133) um aukna notkun forsetninga: „Í nútíma íslensku gætir allnokkuð þeirrar tilhneigingar að nota forsetningarliði í stað eignarfalls, þ.e. embættisfærsla *Jóns* verður embættisfærsla *hjá Jóni* og gallar *kjarnorku* verður gallar *á kjarnorku*.“

Tilbrigðaverkefninu, við byrjum á gerandmerkingu (sjá líka *töflu 13.29* í *Tilbrigðabók II*).¹⁷

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
b. T1020	Nýja bókin hjá honum er alveg frábær.	53,6	20,8	25,6	100	767
c. T1090	Mér fannst ræðan hjá formanninum mjög góð.	91,8	5,2	3,0	100	771
d. T1064	Maturinn hjá henni er alltaf jafn góður.	93,2	4,4	3,4	100	769
e. T1028	Lengsta stökkið hjá Jóni kom í síðustu umferð.	75,2	16,7	8,1	100	770

Tafla 19.1: Mat á setningum með hjá í gerandmerkingu.

Þrjár þessara setninga eru samþykktar af miklum meirihluta þátttakenda, einkum T1090 og T1064. Hér er andlag forsetningarinnar á einhvern hátt „gerandi“: *stökkið hjá Jóni* þýðir að Jón hafi stökkið og *ræðan hjá formanninum* þýðir að hann hafi haldið ræðu. Varla er möguleiki á því að halda því fram að þessir tveir *hjá*-liðir séu tvíræðir en aftur á móti getur liðurinn *maturinn hjá henni* (*ömmu*) verið tvíræður, þ.e. að amma geri alltaf góðan mat (gerandmerking) eða að maturinn í t.d. húsinu hennar sé alltaf góður (staðarmerking). Fyrri merkingin liggur beint við, ekki síst með hliðsjón af inngangsetningunni *Amma bauð Bjarna í mat í gær*. Þá er T1020 tví- eða þríræð en eðlilegasta túlkunin m.t.t. inngangsetningarinnar *Grímur er góður rithöfundur* er sú að hann hafi skrifað bókina.¹⁸ Þessi setning er samþykkt mun minna en hinar setningarnar, hver svo sem ástæðan fyrir því er. Munurinn á henni og þeirri sem er samþykkt næstminnst, þegar kí-kvaðratprófi er beitt, er tölfræðilega marktækur ($p < 0,001$).¹⁹

Lítum næst á *hjá*-liði sem tákna óáþreifanlega eign (sbr. *töflu 13.29* í *Tilbrigðabók II*):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1042	Ertu ekki örugglega með símanúmerið hjá mér?	81,4	11,2	7,4	100	769
f. T1079	Viðbrögðin hjá ráðherranum voru samt of hörð.	81,6	11,0	7,4	100	767
l. T1034	Skoðunin hjá henni hefur samt ekkert breyst.	44,4	22,5	33,1	100	768
m. T1054	Greindin hjá þeim er ótrúleg.	67,9	18,3	13,8	100	766
n. T1016	Er heilsan hjá henni eitthvað að skána?	79,7	11,5	8,8	100	768

Tafla 19.2: Mat á setningum með hjá í eignarmerkingu: óáþreifanleg eign.

Þessar setningar, að T1034 undanskilinni, eru mjög mikið samþykktar. Hér er skoðun, viðbrögð, greind, heilsa og símanúmer allt greint sem óáþreifanleg eign og líklegt að hægt sé að flokka það á betri hátt. Hugsanlegt væri að greina greind og heilsu sem óaðskiljanlega eign rétt eins og t.d. nef. Í nmgr. 10 kom fram að ekki er hægt að segja

¹⁷ Hver dæmasetning í töflunum í kafla 19.3 er merkt sama bókstaf og sömu setningar í *töflu 13.29* í 13. kafla. Þess vegna er t.a.m. fyrsta setningin í *töflu 19.1* ekki merkt bókstafnum ‘a’ heldur bókstafnum ‘b’.

¹⁸ Einnig væri hægt að túlka setninguna í staðarmerkingu eða eignarmerkingu (áþreifanleg eign).

¹⁹ Til þess að geta reiknað út p-gildið er ekki nóg að vita hve hátt hlutfall merkti við hvern valmöguleika heldur verðum við að hafa vitneskju um tölurnar á bak við prósentutölurnar. Dreifing svara við hvorri setningu um sig er sýnd í töflunni hér að neðan.

Númer	Setning	já	?	nei
b. T1020	Nýja bókin hjá honum er alveg frábær.	411 (53,6%)	160 (20,9%)	196 (25,6%)
e. T1028	Lengsta stökkið hjá Jóni kom í síðustu umferð.	579 (75,2%)	129 (16,7%)	62 (8,1%)

Tafla 19.i: Mat á tveimur setningum. Allir málhafar.

*Augun í Jóni eru blá en þau í Gunnu eru græn þótt mögulegt sé að segja *Tölvan hjá Gunnu er biluð en sú hjá Jóni er í lagi*. Ef greind og heilsa teljast til óaðskiljanlegrar eignar gætum við búist við að setningar eins og þær sem eru sýndar í (19.32) væru ótækar. Sú er einmitt raunin skv. minni máltilfinningu:²⁰

- (19.32) a. *Heilsan hjá ömmu er að skána en **sú hjá afa** er slæm.
b. *Greindin hjá öpum er mikil en **sú hjá mönnum** er enn meiri.

Þá vaknar sú spurning hvers vegna svo miklu færri, eins og við sjáum hér að neðan, samþykkja *nef* með *hjá*-lið en eignarorðin *greind* og *heilsa*. Mögulegt svar væri að greind og heilsa flokkast undir óáþreifanlega óaðskiljanlega eign en *nef* er áþreifanlegt. Annar möguleiki, og sá sem ég tel líklegri, er að með óáþreifanlegri og óaðskiljanlegri eign er *hjá* eina forsetningin sem hægt er að nota til að tákna eignartengslin. Með áþreifanlegri aðskiljanlegri eign er t.d. hægt að nota *á* eða *í*, sbr. *nefið á honum*, en þessar forsetningar er ekki hægt að nota með orðunum *heilsa* og *greind*, sbr. **heilsan á/í honum*, **greindin á/í henni*.

Skoðun og viðbrögð eru hins vegar varla óaðskiljanleg eign en dómar á *hjá*-liðunum *viðbrögðin hjá ráðherranum* og *skoðunin hjá henni* eru athyglisverðir því að næstum tvöfalt fleiri samþykkja fyrri eignarliðinn en þann síðari. Kí-kvaðratpróf leiðir í ljós að munurinn er mjög vel marktækur ($p < 0,001$).²¹ Erfitt er að skýra þennan mun en ýmislegt kemur til greina. Mögulegt er að það skipti máli að viðbrögð eru eitthvað sem er tímabundið en skoðanir mun síður þótt þær geti vissulega breyst. Ef þetta skiptir máli gæti það skýrt hvers vegna *heilsan hjá henni* fær betri undirtektir en *greindin hjá þeim* en heilsa getur auðvitað breyst snögglega en greind ekki. Að auki er mögulegt að *viðbrögðin hjá ráðherranum* eigi betur heima með *hjá*-liðum í gerandmerkingu en þeir fengu bestar viðtökur, sjá *töflu 19.1* að ofan. *Hjá*-liður þessi þýðir að ráðherrann hafi brugðist of hart við en *skoðunin hjá henni* (af samhenginu að dæma, inngangssetningin var *Ási reyndi að fá Möggu til að styðja flokkinn*) getur ekki haft slíka gerandmerkingu. Tengd þessu er að liðurinn *viðbrögðin hjá ráðherranum* felur í sér atburð sem á sér stað á tilteknum tíma en *skoðunin hjá henni* ekki. Þetta má sýna með dæmum (ég þakka Jim Wood fyrir þau):

- (19.33) a. Viðbrögðin hjá ráðherranum áttu sér stað í gærmorgun.
b. *Skoðunin hjá konunni átti sér stað í gærmorgun.

Þótt a-setningin sé kannski ekki fullkomin hlýtur hún að teljast tæk. Það fer hins vegar ekki á milli mála að b-setningin er ótæk (hún væri hins vegar tæk ef í *skoðun* fælist að konan hefði skoðað eitthvað, framkvæmt skoðun, en hefði ekki skoðun á einhverju).

Að endingu má svo nefna að T1042 *símanúmerið hjá mér* er samþykkt af svo til jafnmörgum og T1079 *viðbrögðin hjá ráðherranum*. Segja má að símanúmer sé

²⁰ Ég þakka Jim Wood fyrir að benda mér á mikilvægi þess að skoða þetta með fleiri *hjá*-liðum en þeim sem tákna áþreifanlega eign. Þetta þarf að skoða betur með fleiri eignarorðum (t.d. *skoðun*, *viðbrögð*, *ræða*) en það verður ekki gert hér.

²¹ Dreifing svara er sýnd í eftirfarandi töflu:

Númer	Setning	já	?	nei
f. T1079	Viðbrögðin hjá ráðherranum voru samt of hörð.	626 (81,6%)	84 (11,0%)	57 (7,4%)
l. T1034	Skoðunin hjá henni hefur samt ekkert breyst.	331 (44,4%)	173 (22,5%)	254 (33,1%)

Tafla 19.ii: Mat á tveimur setningum. Allir málhafar.

eiginleg eign, a.m.k. mun frekar en t.d. viðbrögð, skoðun, greind og heilsa, og því e.t.v. áhugaverðast að bera þennan eignarlið saman við áþreifanlega eign, sbr. töflu 19.3. Sá munur er einnig á þessu tvennu að þegar símanúmer stendur með eignarfor nafni er eðlilegast að bæta greini við orðið og þegar það stendur með sérnafni er sömuleiðis eðlilegast að bæta við orðið greini og ákvæðisfor nafni. Hið sama á ekki við um greind, heilsu, skoðun og viðbrögð. Þetta er sýnt í eftirfarandi dæmum — dómarnir miðast við mína máltilfinningu (sjá frekar í kafla 13.5 í *Tilbrigðabók II*; sjá einnig hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:211 og Halldóri Ármanni Sigurðssyni 2006):

- (19.34) a. greind/heilsa/skoðun/viðbrögð mín/Jóns
b. ??greindin/??heilsan/*skoðunin/*viðbrögðin mín/hans Jóns
- (19.35) a. ??símanúmer mitt/Jóns
b. símanúmerið mitt/hans Jóns

Hegðun orðsins *símanúmer* er þannig að þessu leyti líkari hegðun orða sem tákna áþreifanlega eign (sjá dæmi (19.1) og (19.2)) en ýmissa orða sem tákna óáþreifanlega eign. Þetta kann að skipta máli þegar það er athugað hvort *hjá*-eignarliðir eru tækir og kallar e.t.v. á aðra og nákvæmari flokkun en þá sem er sýnd hér.

Athyglisvert er að *símanúmerið hjá mér* fær mun betri viðtökur en *hjá*-liðir sem tákna áþreifanlega eign. Erfitt er að átta sig á því hvers vegna svo er en aðrir *hjá*-liðir sem sýna óáþreifanlega eign, fyrir utan *skoðunin hjá henni*, eru almennt mun meira samþykktir en *hjá*-liðir sem tákna áþreifanlega eign, sbr. eftirfarandi töflu (sjá líka töflu 13.29 í *Tilbrigðabók II*):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
g. T1049	Tölvan hjá henni er biluð.	64,4	16,5	19,1	100	766
h. T1068	Er þetta ekki tölvan hjá Jóni?	27,6	23,7	48,7	100	769
i. T1004	Bíllinn hjá henni er í viðgerð.	31,9	19,1	49,0	100	769
j. T1058	Gönguskórnir hjá honum voru of þröngir.	39,3	19,1	41,6	100	765
k. T1061	Blýanturinn hjá honum var brotinn.	50,1	19,8	30,1	100	763
x. T1112	Hann á hlut í bátinum hjá mér.	61,2	16,8	22,0	100	762

Tafla 19.3: Mat á setningum með *hjá* í eignarmerkingu: áþreifanleg eign.

Við sjáum að u.þ.b. tvöfalt fleiri samþykkja T1049 *Tölvan hjá henni er biluð* en T1004 *Bíllinn hjá henni er í viðgerð*. Sú skýring sem mér þykir sennilegust er að staðarmerking er möguleg í fyrri setningunni en ekki þeirri síðari.²² Staðarmerking ætti að vera útilokuð í T1004 þar sem bíllinn er í viðgerð, þ.e. hann er þá að öllum líkindum ekki hjá konunni heldur t.d. á verkstæði. Inngangssetningin var *Anna neyðist til að labba í vinnuna í dag* og þetta bendir til að Anna noti bíllinn þegar hann er ekki bilaður, eðlilegasta túlkunin er að hún sé eigandi hans. Inngangssetning T1049 var *Inga getur því miður ekki sent Sævari tölvupóst* og því útilokar samhengið ekki staðarmerkingu.

²² Það skal tekið fram að þótt bæði eignar- og staðarmerking sé möguleg í setningum eins og T1049 *Tölvan hjá henni er biluð* er ekki þar með sagt að *hjá*-liðurinn geti einungis haft aðra merkinguna. Setninguna mætti skilja sem svo að tölvan sé t.d. á heimili konunnar **og** að hún eigi hana þótt annaðhvort staðarmerking eða eignarmerking ein og sér komi vissulega einnig til greina.

Svipað er e.t.v. uppi á teningnum í T1068 sem enn færri samþykkja (inngangssetningin var *Hvaða tölva er þetta?*). Ef við ímyndum okkur að sá sem spyr standi fyrir framan tölvuna er staðarmerking auðvitað möguleg, þ.e. ef mælandi er staddur hjá Jóni (t.d. á heimili hans). Spurningin *Er þetta ekki tölvan hjá Jóni?* er skritin ef þessi er merking hennar, því að það gefur auga leið að þessi tölva sé hjá honum. Ef tölvan í þessu dæmi er hins vegar ekki á t.d. heimili Jóns, heldur hafi hún verið send í viðgerð, getum við ímyndað okkur viðgerðarmann sem spyr spurningarinnar *Er þetta ekki tölvan hjá Jóni?* vegna þess að hann kannast við hana. Við þessar aðstæður er líklega eðlilegast að túlka spurninguna þannig að hún hafi fyrst og fremst eignarmerkingu.²³ Rétt eins og í tilfalli T1004, þar sem staðarmerking var ómöguleg, er þessi setning lítið samþykkt í samanburði við T1049.

Hugum næst að T1061 *Blýanturinn hjá honum var brotinn* (inngangssetningin var *Gunnar bað mig um að lána sér blýant*). Þessa setningu samþykkja nokkuð fleiri (50,1%) enda er ekki eingöngu eignarmerking möguleg hér heldur einnig staðarmerking. Þó er setningin minna samþykkt en T1049 *Tölvan hjá henni er biluð* og T1112 *Hann á hlut í bátinum hjá mér* (inngangssetningin *Við Jói erum með útgerð saman* bendir til að mælandi eigi bátinn). Báðar setningar eru samþykktar af rétt rúmlega 60% þátttakenda. Hvers vegna færri telja sig geta sagt *Blýanturinn hjá honum var brotinn* er ekki gott að segja — munurinn á því hvernig svörin við þeirri setningu dreifðust og T1049 *Tölvan hjá henni er biluð* er mjög vel marktækur ($p < 0,001$).²⁴ Hugsanleg skýring er að það sé vegna þess að stærri hlutir, svo sem (borð)tölvur og bátar, eigi sér sinn stað — a.m.k. mun frekar en blýantar eða gönguskór.²⁵ Þar með getur verið að liðir eins og *tölvan hjá mér* hafi gjarnan bæði staðar- og eignarmerkingu en *gönguskórnir hjá honum* hafi einkum eignarmerkingu en síður staðarmerkingu. Við sáum einmitt að ofan að þegar staðarmerking virðist útilokuð með eignarorðum sem eiga sér „sinn stað“ (*Bíllinn hjá henni er í viðgerð*) eru *hjá*-liðir samþykktir af umtalsvert færri málhöfum (þó viljum við ekki útiloka staðarmerkingu í T1061 þar sem sú setning fær betri viðtökur en T1004 og T1068 þar sem staðarmerking virðist ekki möguleg). Ef þessi skýring er rétt ættu einnig fleiri að samþykkja *eldhúsið hjá mér* eða *húsið hjá Maríu* en *blýanturinn hjá honum*. Þetta gæti þá einnig skýrt lágt hlutfall þeirra sem samþykkja T1058 *Gönguskórnir hjá honum voru of þröngir*, en það voru tæp 40%.

Við höfum nú séð að þær setningar sem fengu mestar undirtektir í flokki *hjá*-liða sem tákna áþreifanlega eign eru talsvert minna samþykktar en þeir *hjá*-liðir sem bestar viðtökur fá af þeim sem tákna óáþreifanlega eign eða hafa gerandmerkingu. Aftur á móti eru *hjá*-eignarliðir sem tákna óaðskiljanlega eign eða fjölskyldu- eða félagstengsl mun minna samþykktir. Við byrjum á óaðskiljanlegri eign (enn má vísa í *töflu 13.29 í Tilbrigðabók II* til samanburðar):

²³ Þó er vissulega hægt að ímynda sér, út frá samhenginu, að tveir menn horfi á ljósmynd af tölvu. Þeir vita ekki hvar hún var tekin. Þá spyr annar þeirra: „Hvaða tölva er þetta?“ Hinn kannast við tölvuna og grunar að myndin hafi verið tekin heima hjá Jóni. Þá svarar hann: „Er þetta ekki tölvan hjá Jóni?“ Hér kemur bæði til greina að túlka spurninguna þannig að hún feli í sér staðarmerkingu og eignarmerkingu.

²⁴ Dreifing mats þátttakenda á þessum setningum er sýnd í eftirfarandi töflu:

Númer	Setning	já	?	nei
g. T1049	Tölvan hjá henni er biluð.	493 (64,4%)	127 (16,6%)	146 (19,1%)
k. T1061	Blýanturinn hjá honum var brotinn.	382 (50,1%)	151 (19,8%)	230 (30,1%)

Tafla 19.iii: Mat á tveimur setningum. Allir málhafar.

²⁵ Þó eru bátar auðvitað gjarnan á siglingu úti á sjó og aðrar tölvur en borðtölvur eru sjaldnast á sama stað mjög lengi eins og nafnið *fartölva* gefur til kynna.

Númer	Setning	já	?	Nei	=	N
o. T1044	Læknirinn tók mynd af lungunum hjá henni.	20,0	17,7	62,3	100	770
p. T1094	Nefið hjá honum er svo rosalega stórt.	21,8	11,1	67,1	100	768

Tafla 19.4: Mat á setningum með hjá í eignarmerkingu: óaðskiljanleg eign.

Hér er óaðskiljanlega eignin annars vegar líffæri (lungu) og hins vegar líkamshluti (nef). Hvorn *hjá*-lið um sig samþykkir eingöngu um fimmtungur þátttakenda. Margir, eða e.t.v. flestir, myndu fella sig betur við að nota forsetningarnar í eða á, þ.e. *lungunum í henni* og *nefið á honum*, enda er það í samræmi við málvenju (sjá til samanburðar niðurstöður í 13. kafla í *Tilbrigðabók II*). Mörgum þykir eflaust þessi notkun ótæk með öllu og fyrir þeim væri eina mögulega túlkunin á t.d. T1094 sú að *hjá*-liðurinn hefði gerandmerkingu, þ.e. að einhver hefði búið til nef (t.d. á brúðu) og það væri of stórt. Samhengi setninganna kemur hins vegar í veg fyrir þessa túlkun: Inngangssetning T1094 var *Magnús ætlar í lýtaaðgerð* — þar með er það nefið á honum sem er of stórt — og það að læknir taki mynd af lungum bendir sterklega til þess að lungun séu í sjúklingi hans. Inngangssetning T1044 var *Ella fór til læknis í gær* — sú túlkun liggur ekki beint við að læknirinn hafi tekið mynd af lungum sem Ella hafði búið til.

Í síðasta flokki *hjá*-eignarliða sem við skoðum táknar eignarorðið lifandi veru (sbr. töflu 13.29 í *Tilbrigðabók II*):

Númer	Setning	já	?	Nei	=	N
q. T1098	Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.	27,0	18,9	54,1	100	760
r. T1009	Eini vinurinn hjá honum er fjórum árum yngri en hann.	12,0	11,0	77,0	100	766
s. T1110	Mamman hjá honum bannar honum það.	4,2	5,2	90,6	100	767

Tafla 19.5: Mat á setningum með hjá í eignarmerkingu: lifandi vera sem eignarorð.

Athyglisvert er hið háa hlutfall þátttakenda sem hafnar T1110 *Mamman hjá honum bannar honum það* og hve mikill munur er á viðtökum þeirrar setningar og T1098 *Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær*. Þetta minnir á færeysku dæmin í (19.25) og (19.26) hér að ofan en þar kom fram að liðir eins og **mamman hjá mæ* eru ótækir en liðir á borð við *kettlingurinn hjá kettuni hjá mæ* tækir. Muninum sem kemur fram í hlutfalli þeirra sem samþykktu T1110 annars vegar og T1098 hins vegar svipar til þess munar sem er á (19.25) og (19.26). Hér er rétt að benda á að staðarmerking er langsótt í T1098, enda dó hundurinn á dýraspítala en ekki t.d. heima hjá Guðrúnu (inngangssetningin var *Guðrún er sorgmædd*). Í stað *mamman hjá honum* í T1110 væri eðlilegt að segja *mamma hans*, þ.e. án greinis. Í stað *hundurinn hjá henni* í T1098 væri aftur á móti eðlilegast að segja *hundurinn hennar*, með greini. Þetta kann að vera undirliggjandi skýring þess að T1110 er samþykkt af mun færri þátttakendum en T1098. Við getum þá notað greininn sem leiðsögn um það hvort eign og eigandi, sem bæði táknar lifandi veru, sýni setningafræði fjölskyldu- og félagsstengsla.²⁶ Nokkur hugtök sem sýna slíka setningafræði eru sýnd í (19.36):

- (19.36) a. *afi(*nn)/pabbi(*nn)/faðir(*inn)/bróðir(*inn)/sonur(*inn)/frændi(*nn)/vinur(*inn) minn*
 b. *amma(*n)/mamma(*n)/móðir(*in)/systir(*in)/dóttir(*in)/frænka(*n)/vinkona(*n) mín*

²⁶ Ég þakka Neil Myler og Jim Wood fyrir gagnlegar umræður þetta.

Aftur á móti eru í (19.37) sýnd dæmi um orð sem hegða sér eins og *hundur* þegar þau standa í tengslum við eiganda en þar kemur varla til greina að sleppa greininum:

- (19.37) a. (eigin)maðurinn/strákurinn/krakkinn/kötturinn minn
 b. (eigin)konan/stelpan mín
 c. barnið mitt

Eins og sjá má í (19.36a) er ekki hægt að segja **vinurinn minn* frekar en **mamman mín*. Það er því fróðlegt að bera saman *hjá*-lið með eignarorðinu *vinur* við T1110 *mamman hjá honum* og T1098 *hundurinn hjá henni*. Rétt eins og í T1110 *mamman hjá honum* er mjög hátt hlutfall sem hafnar T1009 *Eini vinurinn hjá honum er fjórum árum yngri en hann*, talsvert hærra en hlutfall þeirra sem hafna T1098 *hundurinn hjá henni*. Þetta gefur vísbendingu um að skiptingin í (19.36) og (19.37) skipti máli, þannig að eignarorð sem sýna setningafræði fjölskyldu- og félagstengsla geta mun síður verið eignarorð *hjá*-liða en þau sem tákna lifandi verur og sýna ekki slíka setningafræði.²⁷

Hér verður ekki gerð tilraun til að útskýra hvers vegna ekki er hægt að segja **mamman mín* en slík orð (þ.e. *pabbi, systir* o.s.frv.) hafa „innbyggð“ ákveðni eins og sérnöfn. Þó er rétt að taka fram að *hjá*-liðirnir í T1009 og T1110 verða ekki betri ef ákveðna greininum er sleppt, sbr. t.d. **Mamma hjá honum bannar honum það*.

Áður en við skoðum niðurstöðurnar eftir aldri verða nú sýndar niðurstöður fyrir fimm setningar úr T1 (Könnun 1) sem ekki hefur verið fjallað um í þessum kafla. Skoðum fyrst *hjá*-eignarliði þar sem forsetningarliðurinn stendur ekki með nafnliðnum sem hann virðist vera hluti af (sbr. töflu 13.29 í *Tilbrigðabók II*):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
v. T1102	Mér fannst ræðan samt best hjá Jóni.	85,4	8,3	6,3	100	766
y. T1085	Bíllinn er á verkstæði hjá honum.	29,5	20,6	49,9	100	762
z. T1118	Veiðistöngin brotnaði hjá honum.	72,7	15,6	11,7	100	762

Tafla 19.6: Mat á setningum þar sem eignarorð og *hjá*-forsetningarliður standa ekki saman.

Það kemur nokkuð á óvart við fyrstu sýn hve hátt hlutfall samþykkir T1118 *Veiðistöngin brotnaði hjá honum*, sérstaklega þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður fyrir aðra *hjá*-liði þar sem eignarorðið er áþreifanleg eign — einkum T1058 *gönguskórnir hjá honum* og T1061 *blýanturinn hjá honum* sem nokkru lægra hlutfall samþykkti. Hér verður hins vegar að hafa það í huga að T1118, sem hafði inngangssetninguna *Danni fór í veiðiferð um helgina*, hefur ekki einungis eignarmerkingu heldur er einnig hægt að túlka hana þannig að Danni hafi verið valdur, líklega óviljandi þó, að því að veiðistöngin brotnaði, sbr. umræðu í nmgr. 8–9 um setningar á borð við *Rúðan splundraðist hjá Jóni* sem Wood (2013) fjallar um. Ég tel að það geti mjög líklega verið ástæðan fyrir svo háu hlutfalli samþykkis T1118. Svo getur setningin hugsanlega einnig haft staðarmerkingu, þ.e.

²⁷ Til að kanna þetta frekar gætum við skoðað fleiri dæmi. *Krakkinn* sýnir ekki setningafræði fjölskyldutengsla (sjá 19.37) en *sonur* og *dóttir* gera það aftur á móti (sjá 19.36). Að mínu mati er setningin í (ia) tæk en (ib) ótæk en þess ber að geta að merking beggja setninga ætti að vera sú sama.

(i) a. *Krakkarnir hjá Helenu komu í heimsókn í gær.*

b. **Synirnir og dæturnar hjá Helenu komu í heimsókn í gær.*

Þetta rennir enn frekar stoðum undir þá tilgátu að setningafræði fjölskyldutengsla skipti máli.

að einhver ákveðin veiðistöng hafi brotnað í námunda við Danna. Út frá samhenginu er það ekki eðlilegasta túlkunin.

Ef mælandi segði setningu T1118 ásamt inngangssetningunni væri að mínu mati tækt fyrir viðmælanda, sem væri brugðið við að heyra að veiðistöngin hefði brotnað, að segja eftirfarandi setningu:

(19.38) Það er leiðinlegt að **hún** hafi brotnað **hjá honum**.

Það að hægt sé að skipta eingöngu nafnorðinu *veiðistöngin* út fyrir fornafnið *hún* kallar fram einhvers konar gerandmerkingu eins og rætt var um í nmgr. 9. Þetta bendir til að slík merking sé möguleg í T1118. Í stað T1118 gætu sumir einnig sagt setninguna í (19.39) en þá gæti hún samkvæmt minni máltilfinningu ekki haft gerandmerkingu.

(19.39) **Veiðistöngin hjá honum** brotnaði.

Nú má bera saman niðurstöður fyrir T1102 *Mér fannst **ræðan** samt best **hjá Jóni*** og T1085 ***Bíllinn** er á verkstæði **hjá honum*** og sambærilegar setningar með sömu „eignarorðum“ — þar sem eignarorð og eigandi standa saman (sjá líka töflu 13.29 í *Tilbrigðabók II*):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
c. T1090	Mér fannst ræðan hjá formanninum mjög góð.	91,8	5,2	3,0	100	771
i. T1004	Bíllinn hjá henni er í viðgerð.	31,9	19,1	49,0	100	769

Tafla 19.7: Mat á setningum þar sem eignarorð og hjá-forsetningarliður standa saman.

Það er tiltölulega lítill munur á því hve hátt hlutfall samþykkir T1102 annars vegar og T1090 hins vegar en þó er þessi munur marktækur ($p < 0,001$).²⁸ Hærra hlutfall samþykkir *hjá* í gerandmerkingu þar sem forsetningarliðurinn hefur ekki færst út úr nafnliðnum. Eins er mjög lítill munur á hlutfalli þeirra sem samþykkja T1085 annars vegar og T1004 hins vegar. Aftur er það þannig að herra hlutfall samþykkir þá setningu þar sem forsetningarliðurinn hefur ekki færst út úr nafnliðnum, þ.e. T1004. Munurinn á því hvernig þátttakendur meta þessar tvær setningar er langt frá því að vera tölfræðilega marktækur ($p = 0,56$).²⁹ Hér væri auðvitað nauðsynlegt að skoða niðurstöðurnar nánar, t.d. út frá aldri og menntun, og greina fylgni í mati á þessum setningapörum. Þannig gætum við t.d. komist að því hvort það er svo til sama fólk sem samþykkir bæði ***Bíllinn hjá henni** er í viðgerð* og ***Bíllinn** er á verkstæði **hjá honum***. Það er hins vegar ekki aðalatriði hér og verður ekki skoðað. Einnig væri fróðlegt, í frekari rannsóknunum, að athuga hvað málhöfum, sem samþykkja ***Bíllinn** er á verkstæði*

²⁸ Dreifing mats þátttakenda á þessum setningum er sýnd í eftirfarandi töflu:

Númer	Setning	já	?	nei
v. T1102	Mér fannst ræðan samt best hjá Jóni.	654 (85,4%)	64 (8,4%)	48 (6,3%)
c. T1090	Mér fannst ræðan hjá formanninum mjög góð.	708 (91,8%)	40 (5,2%)	23 (3,0%)

Tafla 19.iv: Mat á tveimur setningum. Allir málhafar.

²⁹ Dreifing á svörum þátttakenda er sýnd hér að neðan:

Númer	Setning	já	?	nei
y. T1085	Bíllinn er á verkstæði hjá honum.	225 (29,5%)	157 (20,6%)	380 (49,9%)
i. T1004	Bíllinn hjá henni er í viðgerð.	245 (31,9%)	147 (19,1%)	377 (49,0%)

Tafla 19.v: Mat á tveimur setningum. Allir málhafar.

hjá honum, finnst um setningar eins og **Augun eru blá í Jóni** (að ofan merkti ég þessa setningu út frá eigin máltilfinningu með tveimur spurningarmerkjum, sjá (19.20b)).

Í kafla 19.2.2 kom fram að eignarorð *hjá*-eignarliða í færeysku verður að hafa ákveðinn greini. Hið sama á við um *hjá*-liði með eignarmerkingu í íslensku, sbr. *Tölvun hjá mér er biluð* en ekki **Tölva hjá mér er biluð* (síðari setningin er líklega tæk í staðarmerkingu). En hvað er þá á seyði í *töflu 19.8*? Af hverju fá setningarnar svo mikið samþykki þrátt fyrir að „eignarorðið“ með *hjá*-liðnum sé án greinis (sbr. einnig *töflu 13.29* í *Tilbrigðabók II*)?

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
t. T1074	Það gerðist í skíðaferð hjá fjölskyldunni.	63,9	17,7	18,4	100	770
u. T1023	Það er áhyggjuefni hjá garðyrkjubændum.	81,8	9,4	8,8	100	770

Tafla 19.8: Mat á setningum með hjá í merkingunni ‘með, meðal’ þar sem eignarorðið er óákveðið.

Hér er skemmst frá því að segja að líklega er ekki um eignarmerkingu að ræða í þessum setningum og það kann að einhverju leyti að skýra hvers vegna þær eru svo mikið samþykktar þrátt fyrir að „eignarorðið“ sé óákveðið. Það virðist liggja beinast við að *hjá* merki hér ‘með, meðal’, sbr. (19.14a) að ofan úr *Íslenskri orðabók* (2002). Þannig merkir t.d. T1023, sem hafði inngangssetninguna *Nú stendur til að flytja inn garðplöntur*, ‘Það er áhyggjuefni meðal garðyrkjubænda’ frekar en að um eignarmerkingu sé að ræða (þó eru mörkin milli eignarmerkingar og merkingarinnar ‘með, meðal’ ekki alltaf skýr eins og rætt var um í kafla 19.2.3). Ekki verður frekar rætt um þessar tvær setningar í kaflanum.

19.3.2 Niðurstöður eftir aldri

Nú skulum við reyna að átta okkur betur á dreifingu dóma á *hjá*-liðum. Við byrjum á setningunum sem fengu hvað verstar viðtökur, *hjá*-liðum með eignarorði sem táknar lifandi veru (sbr. líka *töflu 13.30* í *Tilbrigðabók II*):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
q. T1098	Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.	45,1	22,8	20,1	17,6
r. T1009	Eini vinurinn hjá honum er fjórum árum yngri en hann.	27,0	9,2	4,7	5,7
s. T1110	Mamman hjá honum bannar honum það.	10,3	1,5	0,5	4,0

Tafla 19.9: Jákvætt mat á setningum með hjá í eignarmerkingu, flokkað eftir aldri: lifandi vera sem eignarorð.

Hér vekur það athygli hve miklu hærra hlutfall 15 ára málhafa samþykkir setningarnar en þátttakenda í öðrum aldurshópum. Í T1110 er hlutfall samþykkis í öllum hópum mjög lágt en fyrir utan 9. bekkina virðast það helst vera 65–70 ára sem geta samþykkt setninguna. Þótt hlutallslega sé mikill munur á þessum tveimur hópum (meira en tvöfalt hærra hlutfall í yngsta hópnum samþykkir setninguna en í þeim elsta) er munurinn í prósentustigum lítill. Þessi munur er engu að síður marktækur ($p = 0,04$).³⁰

³⁰ Dreifing svara er sýnd í eftirfarandi töflu:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	21 (10,3%)	17 (8,3%)	166 (81,4%)
65–70 ára	7 (4,0%)	11 (6,3%)	157 (89,7%)

Tafla 19.vi: Mat á T1110 Mamman hjá honum bannar honum það.

Í T1009 samþykkir næstum þrefalt herra hlutfall 9. bekkinga setninguna en 20–25 ára, en sá hópur samþykkir setninguna hlutfallslega næstmest. Munurinn á þessum tveimur hópum er mjög vel marktækur ($p < 0,001$).³¹ Að lokum er svo hlutfall samþykkis nokkuð jafnt í elstu hópnum þremur í T1098 (á bilinu 17,6%–22,8%) en mun herra meðal 9. bekkinga. Hér getum við eins og áður borið saman svör þeirra og þess hóps sem samþykkir setninguna næstmest, 20–25 ára. Munurinn á svörum þessara tveggja er mjög vel marktækur ($p < 0,001$).³²

Sömu sögu er að segja af *hjá*-liðum sem tákna óaðskiljanlega eign; talsvert herra hlutfall 9. bekkinga en annarra samþykkir setningarnar (sbr. *töflu 13.30 í Tilbrigðabók II*):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
o. T1044	Læknirinn tók mynd af lungunum hjá henni.	34,6	20,3	15,1	8,0
p. T1094	Nefið hjá honum er svo rosalega stórt.	44,1	19,2	10,4	11,5

Tafla 19.10: *Jákvætt mat á setningum með hjá í eignarmerkingu, flokkað eftir aldri: óaðskiljanleg eign.*

Sá hópur sem samþykkir setningarnar hlutfallslega mest eru 9. bekkingar og þar á eftir, í báðum tilfellum, fylgja 20–25 ára málhafar. Munurinn er marktækur ($p < 0,001$ í T1044; $p < 0,001$ í T1094).³³

Einhverjum kynni að detta í hug að þessi munur eftir aldri skýrðist helst af því að yngstu þátttakendurnir samþykktu almennt miklu fleiri setningar en eldri þátttakendur, nokkurn veginn óháð því hvað var verið að kanna. Bent var á í kafla 2.2.4 í *Tilbrigðabók I* að sú skýring dugir ekki almennt þótt slíkt sé þekkt í svipuðum könnunum (sjá umræðu í kafla 26.3), en að auki sjáum við í *töflum 19.11–19.12* hér fyrir neðan að *hjá*-liðir með gerandmerkingu og þeir sem tákna óáþreifanlega eign eru ekki síður — og jafnvel frekar — samþykktir af eldri málhöfum (hér verður þó að hafa í huga að aðaláhbyggjuefnið er að hlutfall samþykkis á setningum sem almennt er hafnað eða taldar vafasamar sé óeðlilega hátt meðal hinna yngstu).

Lítum fyrst á *hjá*-liði með gerandmerkingu (sbr. *töflu 13.30*):

³¹ Samanburður á dreifingu svara í hópnum tveimur er sýndur í eftirfarandi töflu:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	55 (27,0%)	29 (14,2%)	120 (58,8%)
20–25 ára	18 (9,2%)	11 (5,6%)	167 (85,2%)

Tafla 19.vii: *Mat á T1009 Eini vinurinn hjá honum er fjórum árum yngri en hann.*

³² Samanburður á aldurshópnum tveimur er sýndur hér fyrir neðan:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	92 (45,1%)	26 (12,7%)	86 (42,2%)
20–25 ára	45 (22,8%)	38 (19,3%)	114 (57,9%)

Tafla 19.viii: *Mat á T1098 Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.*

³³ Samanburður á aldurshópnum fyrir T1044 og T1094 er sýndur hér fyrir neðan:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	71 (34,6%)	40 (19,5%)	94 (45,9%)
20–25 ára	40 (20,3%)	31 (15,7%)	126 (64,0%)

Tafla 19.ix: *Mat á T1044 Læknirinn tók mynd af lungunum hjá henni.*

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	90 (44,1%)	25 (12,3%)	89 (43,6%)
20–25 ára	38 (19,2%)	28 (14,1%)	132 (66,7%)

Tafla 19.x: *Mat á T1094 Nefið hjá honum er svo rosalega stórt.*

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
b. T1020	Nýja bókin hjá honum er alveg frábær.	58,1	58,7	51,3	45,2
c. T1090	Mér fannst ræðan hjá formanninum mjög góð.	82,4	97,0	94,8	93,8
d. T1064	Maturinn hjá henni er alltaf jafn góður.	88,1	93,4	96,9	94,9
e. T1028	Lengsta stökkið hjá Jóni kom í síðustu umferð.	65,9	81,7	77,0	76,8

Tafla 19.11: Jákvætt mat á setningum með hjá í gerandmerkingu, flokkað eftir aldri.

Mikill meirihluti þátttakenda samþykkir setningar T1090 og T1064. Um eða yfir 95% málhafa í hverjum af þremur elstu aldurshópunum samþykkja setningarnar en hlutfallslega færri, þó yfir 80%, í hópi 15 ára. Sömuleiðis samþykkir hátt hlutfall T1028 og aftur er lægsta hlutfallið meðal þeirra yngstu. Aftur á móti samþykkir nokkuð lægra hlutfall T1020 en þá er hlutfall þeirra sem samþykkja setninguna hæst í yngstu tveimur hópunum.

Lítum nú á *hjá*-liði sem tákna óáþreifanlega eign (sbr. líka töflu 13.30):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
a. T1042	Ertu ekki örugglega með símanúmerið hjá mér?	83,4	90,3	84,8	65,5
f. T1079	Viðbrögðin hjá ráðherranum voru samt of hörð.	69,3	87,3	85,3	85,7
l. T1034	Skoðunin hjá henni hefur samt ekkert breyst.	55,1	38,6	34,4	49,4
m. T1054	Greindin hjá þeim er ótrúleg.	61,7	62,2	71,9	76,8
n. T1016	Er heilsan hjá henni eitthvað að skána?	76,5	83,2	80,1	79,1

Tafla 19.12: Jákvætt mat á setningum með hjá í eignarmerkingu, flokkað eftir aldri: óáþreifanleg eign.

Fyrir flestar setningarnar er hlutfall samþykkis hátt í öllum eða flestum aldursflokkum og erfitt að greina ákveðið mynstur. Til að mynda samþykkir hátt hlutfall í öllum hópum setningu T1016. Setning T1042 er samþykkt af miklum meirihluta málhafa í yngstu aldurshópunum þremur en hlutfallið er öllu lægra í elsta hópnum (en er þó 65,5%). Þetta snýst við fyrir setningu T1054 að því leyti að þar er hæst hlutfall samþykkis meðal 65–70 ára en nokkuð lægra meðal tveggja yngstu hópanna og í T1079 er lægst hlutfall samþykkis meðal 15 ára. Setningu T1034 samþykkja svo flestir hlutfallslega í yngsta og elsta hópnum.

Það lítur því út fyrir að aldur skipti ekki máli fyrir gerandmerkingu og óáþreifanlega eign á sama hátt og fyrir óaðskiljanlega eign og lifandi verur. Þetta verður rætt hér á eftir en fyrst skoðum við áþreifanlega eign m.t.t. aldurs (sjá líka töflu 13.30 í Tilbrigðabók II):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
g. T1049	Tölvan hjá henni er biluð.	64,0	61,2	68,2	64,0
h. T1068	Er þetta ekki tölvan hjá Jóni?	37,1	21,3	21,1	30,5
i. T1004	Bíllinn hjá henni er í viðgerð.	37,6	32,5	27,6	29,1
j. T1058	Gönguskórnir hjá honum voru of þröngir.	52,5	42,9	34,2	25,7
k. T1061	Blýanturinn hjá honum var brotinn.	56,9	50,8	44,7	47,1
x. T1112	Hann á hlut í bátinum hjá mér.	68,6	66,7	58,9	48,2

Tafla 19.13: Jákvætt mat á setningum með hjá í eignarmerkingu, flokkað eftir aldri: áþreifanleg eign.

Hér sést að yngsti hópurinn samþykkir oftast *hjá*-liði sem tákna áþreifanlega eign hlutfallslega meira en eldri hóparnir þótt ekki muni alltaf miklu á þeim yngstu og hinum. Einkum er áberandi hve mikill munurinn er á 9. bekkingum og tveimur elstu hópunum

hvað varðar T1058 *gönguskórnir hjá honum*. Munurinn á þeim yngstu og 20–25 ára er ekki marktækur ($p = 0,13$) en munurinn á þeim og 40–45 ára, sem samþykkja setninguna hlutfallslega meira en 65–70 ára, er það aftur á móti ($p = 0,001$).³⁴

Við höfum nú séð að tvær gerðir *hjá*-liða, í gerandmerkingu og þeirra sem tákna óáþreifanlega eign, eru almennt samþykktar af meirihluta þátttakenda. Tvær gerðir, *hjá*-eignarliðir sem tákna óaðskiljanlega eign og fjölskyldu- og félagstengsl, eru aftur á móti mjög lítið samþykktar. Þar vekur óneitanlega athygli hve miklu hærra hlutfall 15 ára málhafa en annarra, þ. á m. 20–25 ára, samþykkir slíka liði. Ef um málbreytingu er að ræða virðist hún gerast mjög hratt, hugsanlega óeðlilega hratt. Hér gæti verið að menntun spilaði inn í en þó kom fram í 13. kafla að oftast var tiltölulega lítil fylgni við menntun. Við skoðum næst svör mismunandi aldurshópa út frá grunnskólamenntun.

19.3.3 Niðurstöður með tilliti til menntunar

Til að bera niðurstöður eldri þátttakendanna saman við niðurstöður grunnskólanemanna skoðum við dóma þeirra og þeirra sem einungis hafa lokið grunnskólaprófi á þeim gerðum *hjá*-eignarliða sem voru minnst samþykktar.

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
q. T1098	Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.	45,1	37,7	26,5	15,4
r. T1009	Eini vinurinn hjá honum er fjórum árum yngri en hann.	27,0	18,9	8,2	8,8
s. T1110	Mamman hjá honum bannar honum það.	10,3	1,9	0,0	5,0

Tafla 19.14: *Jákvætt mat grunnskólamenntaðra, flokkað eftir aldri, á setningum með hjá í eignarmerkingu: lifandi vera sem eignarorð.*

Hér skulum við byrja á því að skoða *hjá*-eignarliði þar sem eignarorðið er lifandi vera en sú gerð fékk sístar viðtökur (þó var T1098 meira samþykkt en *hjá*-eignarliðir sem tákna óaðskiljanlega eign). Í T1009 *Eini vinurinn hjá honum er fjórum árum yngri en hann* minnkar bilið á milli 15 ára málhafa og annarra þegar grunnskólamenntun er tekin með í reikninginn, einkum milli tveggja yngstu hópanna; munurinn á þeim er ekki tölfræðilega marktækur ($p = 0,23$).³⁵ Aftur á móti var munurinn á þessum tveim aldurshópum mjög vel tölfræðilega marktækur ($p < 0,001$) þegar niðurstöðurnar eru ekki skoðaðar með hliðsjón af menntun eins og kom fram hér að framan. Munurinn milli þessara tveggja hópa minnkar

³⁴ Samanburður á svörum 9. bekkjar og 20–25 ára annars vegar og 9. bekkjar og 40–45 ára hins vegar er sýndur í töflunum hér fyrir neðan:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	106 (52,5%)	31 (15,3%)	65 (32,2%)
20–25 ára	85 (42,9%)	41 (20,7%)	72 (36,4%)

Tafla 19.xi: *Mat á T1058 Gönguskórnir hjá honum voru of þröngir.*

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	106 (52,5%)	31 (15,3%)	65 (32,2%)
40–45 ára	65 (34,2%)	43 (22,6%)	82 (43,2%)

Tafla 19.xii: *Mat á T1058 Gönguskórnir hjá honum voru of þröngir.*

³⁵ Samanburður á hópunum, að teknu tilliti til menntunar, er sýndur í eftirfarandi töflu:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	55 (27,0%)	29 (14,2%)	120 (58,8%)
20–25 ára	10 (18,9%)	5 (9,4%)	38 (71,7%)

Tafla 19.xiii: *Mat grunnskólamenntaðra á T1009 Eini vinurinn hjá honum er fjórum árum yngri en hann.*

einnig talsvert í T1098 *Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær* þegar við rýnum í svör grunnskólamenntaðra og er raunar langt frá því að vera marktækur ($p = 0,44$).³⁶ Munurinn á yngsta hópnum og þeim næstelsta er aftur á móti marktækur ($p = 0,02$).³⁷ Í T1110 *Mamman hjá honum bannar honum það* er, eins og áður, mikill munur á yngstu málhöfunum annars vegar og 20–25 ára og 40–45 ára hins vegar. Hlutfall grunnskólamenntaðra í elsta hópnum sem samþykkir setninguna er þó „aðeins“ helmingi lægra en þeirra 9. bekklinga sem gera slíkt hið sama (10,3% yngstu þátttakendanna samþykkja setninguna en 5,0% þeirra elstu). Hér verður aftur á móti að hafa í huga að þessi 5% svara til einungis fjögurra þátttakenda — þessi munur er ekki tölfræðilega marktækur ($p = 0,35$)³⁸ og hann nær ekki heldur að verða marktækur þegar þeir yngstu eru bornir saman við 20–25 ára þátttakendur ($p = 0,06$).³⁹

Næst verður litið á óaðskiljanlega eign táknaða með *hjá*:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
o. T1044	Læknirinn tók mynd af lungunum hjá henni.	34,6	32,1	24,5	11,1
p. T1094	Nefið hjá honum er svo rosalega stórt.	44,1	24,5	14,3	11,1

Tafla 19.15: *Jákvætt mat grunnskólamenntaðra, flokkað eftir aldri, á setningum með hjá í eignarmerkingu: óaðskiljanleg eign.*

Aftur sjáum við að með því að líta einungis á grunnskólamenntaða í elstu hópnum þremur minnkar almennt bilið milli þeirra og yngstu málhafanna. Hann er þó enn talsverður í T1094 *nefið hjá honum* milli 9. bekkjar og þess hóps sem samþykkir setninguna hlutfallslega næstmest, 20–25 ára, og er eftir sem áður tölfræðilega marktækur ($p = 0,03$).⁴⁰

³⁶ Samanburður á hópnum er sýndur í eftirfarandi töfl

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	92 (45,1%)	26 (12,7%)	86 (42,2%)
20–25 ára	20 (37,7%)	10 (18,9%)	23 (43,4%)

Tafla 19.xiv: *Mat grunnskólamenntaðra á T1098 Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.*

³⁷ Samanburður á hópnum er sýndur í eftirfarandi töflu:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	92 (45,1%)	26 (12,7%)	86 (42,2%)
40–45 ára	13 (26,5%)	13 (26,5%)	23 (46,9%)

Tafla 19.xv: *Mat grunnskólamenntaðra á T1098 Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.*

³⁸ Samanburður á hópnum er sýndur í eftirfarandi töflu:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	21 (10,3%)	17 (8,3%)	166 (81,4%)
65–70 ára	4 (5,0%)	8 (10,0%)	68 (85,0%)

Tafla 19.xvi: *Mat grunnskólamenntaðra á T1110 Mamman hjá honum bannar honum það.*

³⁹ Samanburður á hópnum er sýndur í eftirfarandi töflu:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	21 (10,3%)	17 (8,3%)	166 (81,4%)
20–25 ára	1 (1,9%)	2 (3,8%)	50 (94,3%)

Tafla 19.xvii: *Mat grunnskólamenntaðra á T1110 Mamman hjá honum bannar honum það.*

⁴⁰ Samanburður á hópnum er sýndur hér að neðan:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	90 (44,1%)	25 (12,3%)	89 (43,6%)
20–25 ára	13 (24,5%)	9 (17,0%)	31 (58,5%)

Tafla 19.xviii: *Mat grunnskólamenntaðra á T1094 Nefið hjá honum er svo rosalega stórt.*

Í T1044 *lungunum hjá henni* er munurinn á þessum tveimur hópum hins vegar ekki marktækur ($p = 0,07$).⁴¹

Að lokum skulum við líta stuttlega á *hjá*-eignarliði sem tákna áþreifanlega eign.

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
g. T1049	Tölvan hjá henni er biluð.	64,0	63,5	63,3	69,1
h. T1068	Er þetta ekki tölvan hjá Jóni?	37,1	32,1	27,1	37,8
i. T1004	Bíllinn hjá henni er í viðgerð.	37,6	47,2	32,7	35,0
j. T1058	Gönguskórnir hjá honum voru of þröngir.	52,5	52,8	43,8	27,5
k. T1061	Blýanturinn hjá honum var brotinn.	56,9	71,7	54,2	46,9
x. T1112	Hann á hlut í bátum hjá mér.	68,6	66,0	75,5	50,6

Tafla 19.16: *Jákvætt mat grunnskólamenntaðra, flokkað eftir aldri, á setningum með hjá í eignarmerkingu: áþreifanleg eign.*

Hér er munurinn enn óskýrari en áður milli aldurshópa — nú eru setningarnar aðeins tvær talsins sem 15 ára samþykkja hlutfallslega mest. Þó er það svo að elstu málhafarnir samþykkja síður sumar setninganna, svo sem T1058 *Gönguskórnir hjá honum voru of þröngir*. Fyrir þá setningu er munurinn á milli 15 ára og 65–70 ára marktækur ($p < 0,001$) en mjög varlega þarf að fara í að draga ályktanir af því.⁴² Munurinn milli þessara hópa er ekki tölfræðilega marktækur ($p = 0,31$) hvað varðar T1061 *Blýanturinn hjá honum var brotinn*.⁴³

19.3.4 Samantekt og umræða

Við sáum hér fyrir ofan að m.t.t. aldurs er mikill munur á dreifingu jákvæðra svara hvað varðar annars vegar *hjá*-liði í gerandmerkingu og *hjá*-liði sem tákna óáþreifanlega eign og hins vegar *hjá*-liði sem tákna óaðskiljanlega eign og þar sem eignarorðið táknar lifandi veru. Fyrir fyrstnefndu flokkana tvo er fátt sem bendir til þess að breyting sé í gangi enda samþykkir hátt hlutfall í öllum aldurshópum viðkomandi setningar. Niðurstöðurnar fyrir síðastnefndu flokkana tvo má hins vegar hugsanlega túlka sem merki um yfirstandandi málbreytingu enda er munurinn á eldri og yngri málhöfum mjög mikill í sumum tilfellum. Erfiðara er að átta sig á *hjá*-liðum sem tákna áþreifanlega eign, einkum að teknu tilliti til menntunar. Eina hugsanlega vísbendingin um breytingu, að því er virðist, er að elstu málhafarnir samþykkja sumar setninganna síður en aðrir.

⁴¹ Dreifing svara er sýnd hér fyrir neðan:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	71 (34,6%)	40 (19,5%)	94 (45,9%)
20–25 ára	17 (32,1%)	4 (7,5%)	32 (60,4%)

Tafla 19.xix: *Mat grunnskólamenntaðra á T1044 Læknirinn tók mynd af lungunum hjá henni.*

⁴² Dreifing svara er sýnd í eftirfarandi töflu:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	106 (52,5%)	31 (15,3%)	65 (32,2%)
65–70 ára	22 (27,5%)	15 (18,8%)	43 (53,8%)

Tafla 19.xx: *Mat grunnskólamenntaðra á T1058 Gönguskórnir hjá honum voru of þröngir.*

⁴³ Dreifing svara er sýnd í eftirfarandi töflu:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	115 (56,9%)	32 (15,8%)	55 (27,2%)
65–70 ára	38 (46,9%)	16 (19,8%)	27 (33,3%)

Tafla 19.xxi: *Mat grunnskólamenntaðra á T1058 Blýanturinn hjá honum var brotinn.*

Málbreytingar geta tekið langan tíma, t.d. bendir Kroch (2001:720) á að gjörðarstoð (e. *do-support*) í ensku hafi verið óskyldubundin setningabreyta í yfir 300 ár áður en notkun hennar varð skyldubundin. Í því ljósi er munurinn á 15 ára málhöfum og 20–25 ára kannski óvenjulega mikill þegar ekki er tekið tillit til menntunar, einkum hvað varðar óaðskiljanlega eign og eignarorð sem táknar lifandi veru. Þessi munur minnkar hins vegar nokkuð þegar menntun er tekin með í reikninginn. Hugsanlegt er að athugasemd Björns Jónssonar (1900:63) um að ekki skuli segja **Blóðið hjá fiskunum er kalt** sé til marks um breytingu í íslensku. Það gæti þá bent til þess að hún sé hægfara enda liðin meira en öld frá því að Björn gerði athugasemd við þetta en þrátt fyrir það var tiltölulega lágt hlutfall málhafa í T1 sem samþykkti *hjá*-liði sem tjá óaðskiljanlega eign.

Ef þetta er raunveruleg málbreyting vaknar spurningin: hvers konar málbreyting? Er hún t.d. svipuð gjörðarstoð í ensku? Sú breyting varð í nokkrum þrepum, ef svo má segja, að því leytir að mismunandi undirflokkar hennar breyttust ekki jafnhvort í því að sýna sagnfærslu í svokallaðan tíðarhaus yfir í það að sögninni *do* ‘gera’ var skotið þar inn (Kroch 1989). Fyrir breytingu voru setningar eins og *He ate not the food* ‘Hann borðaði ekki matinn’ tækar en eftir breytingu var notkun *do* skyldubundin, *He did not eat the food*.

Ef meint breyting á *hjá*-liðum er eins kemur kannski ekki á óvart að ákveðnir flokkar *hjá*-liða eru tækir á ákveðnum tíma en aðrir ótækir. Þannig gæti t.d. breyting á *hjá*-eignarliðum sem tákna áþreifanlega eign verið lengra gengin en breyting *hjá*-liða sem tjá óaðskiljanlega eign. Eftir breytingu yrðu svo e.t.v. allir flokkar tækir. Vert er að rannsaka þetta frekar, ekki síst með hliðsjón af breytingum á *hjá*-liðum sem orðið hafa í færeysku. Breytingin þar er líklega ekki yfirstaðin, sbr. bæði umræðu Staksbergs (1999–2000) um *hjá*-eignarliði sem hann telur ekki góða en virðast algengir og niðurstöðu Bjarka Más Karlssonar (2005) um setninguna *Hetta er pápin hjá Jógvani* (sjá nmgr. 14 að ofan) sem átta málhafar af 21 samþykktu en það stangast á við dóm Höskuldar Þráinssonar o.fl. (2012:123) á sambærilegri setningu.

Ef notkun *hjá*-eignarliða er í sókn er það væntanlega á kostnað eignarfalls. Hugsanlegt er að eignarfall sé smám saman á útleið úr íslensku máli en í því sambandi má minnst á það sem Helgi Skúli Kjartansson (1979, 1999) hefur nefnt eignarfallsflóttu (sjá einnig Ástu Svavarsdóttur 1994, Helgu Eggertsdóttur 2009, Kristínu Áslaugu Þorsteinsdóttur 2009, Eirík Rögnvaldsson 2010, Ragnhildi Gunnarsdóttur 2015 og Jóhannes Gísla Jónsson 2017). Hann felst einkum í því að notað er annað fall þar sem eignarfalls er að vænta; í sumum tilfellum virðist þó um breytta eignarfallsmynd vera að ræða eins og Ásta Svavarsdóttir (1994) bendir á. Í eftirfarandi dæmum, sem eru „raunveruleg“, eru feittruðu liðirnir ekki í eignarfalli þótt við því væri að búast.

(19.40) a. Ljóðið ... er tileinkað móður hans auk **öllum hinum svarta kynstofni** Bandaríkjanna.

b. **tvær og hálf milljón** króna falli (Helgi Skúli Kjartansson 1979:89)

Aukin notkun *hjá*-liða gæti þá mögulega verið hluti slíkrar breytingar á eignarfalli í íslensku. Aftur á móti má geta þess hér að Eiríkur Rögnvaldsson (2000) gerði samanburð á tíðni falla í Íslendingasögum og *Íslenskri orðtíðnibók* (1991). Tölurnar voru byggðar á samnöfnum en í ljós kom að lítill munur var á hlutfalli eignarfalls að fornu (9,6%) og nýju (11,3%). Út frá þessum samanburði verður ekki ályktað að eignarfall sé á undanhaldi í íslensku en þó verður að gæta þess að textarnir sem eru til vitnis um nútímamál eru auðvitað ritmál og teljast almennt til fremur formlegs málsniðs. Þótt t.a.m. eignarfallsflóttu sé að finna víða í ritmáli er hans kannski fremur að leita í talmáli eða t.d. á bloggsíðum sem

oft teljast til fremur óformlegs málsniðs. Hið sama er að segja um ýmiss konar notkun *hjá*-liða.

Nú snúum við okkur að Ólafsfjarðareignarfallinu.

19.4 Ólafsfjarðareignarfallið

Hér að ofan sáum við aldursbundin tilbrigði í notkun eignarliða í íslensku en nú er ætlunin að beina sjónum að afbrigði sem er landshlutabundið. Þetta er hið svokallaða Ólafsfjarðareignarfall sem þegar hefur verið vikið orðum að.

Einhver kynni að telja eignarfallsgerðina í (19.7) hér framar nýjung. Svo virðist þó alls ekki vera en ýmis dæmi um hana finnast í forníslensku (sbr. einnig Faarlund 2004:60, Einar Frey Sigurðsson 2008).⁴⁴

- (19.41) a. En Björn bregður **sverðinu Þorfinns** er hann hafði heiman haft [...]
(Bjarnar saga Hítðælakappa, bls. 118)
b. „Vel skyldi nú reynst hafa **hrossageymslan frænda míns**.“
(Grettis saga, bls. 970)

- (19.42) a. Hallgerður tók **höndina Bergþóru** og mælti [...]
(Brennu-Njáls saga, bls. 163)
b. Hann tók upp **hausinn Egils** og setti á kirkjugarðinn.
(Egils saga, bls. 517)

Þegar Tilbrigðaverkefnið hófst var vitað að setningagerðin væri landshlutabundin (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2007) en þó var ekki nákvæmlega vitað hvar notkunina væri helst að finna. Lögð var meiri áhersla á að athuga hvar eignarfallsgerðin væri helst samþykkt en að kortleggja hvers konar eignarfallsliðir væru tækir. Nú þegar landfræðilega dreifingin liggur fyrir má skoða þetta nánar með því að finna nokkra málhafa sem hafa Ólafsfjarðareignarfallið og kanna mörk setningagerðarinnar meðal þeirra — slíkt mætti t.d. gera með viðtölum.

Í (19.43) er sýnd dæmigerð setning úr Tilbrigðaverkefninu um Ólafsfjarðar-eygnarfallið:

- (19.43) **Tölvan mömmu** var tekin en ekki mín.

Hér er eigandinn lifandi vera, *mamma*, og eignarorðið hlutur (áþreifanleg eign), *tölvan*. Ekki var kannað hvort hægt væri að hafa „eigandann“ hlut, t.d. hvort einhver gæti sagt *þakið hússins* í stað *þak hússins* eða *þakið á húsinu*. Aðrar útfærslur á Ólafsfjarðareignarfallinu sem við könnuðum var að eignarorðið væri óaðskiljanleg eign annars vegar, sjá (19.44a) (sbr. forníslensku dæmin í (19.42)) og lifandi vera hins vegar, sjá (19.44b). Hér ber þó að athuga að eignarorðið í (19.44b) sýnir ekki setningafræði fjölskyldutengsla (sbr. umræðu hér að framan).

- (19.44) a. **Nefið Magnúsar** er ennþá bólgið eftir aðgerðina.
b. **Hesturinn stráksins** var seldur um daginn.

Vert væri að kanna nánar hve fjölbreytt Ólafsfjarðareignarfallið er í íslensku og þá e.t.v. með samanburði við eldra mál. Það verður ekki gert hér heldur skulum við líta á niðurstöður úr rannsókninni.

⁴⁴ Blaðsíðutalið sem vísað er til miðast við *Íslendinga sögur* (1985–1986).

19.5 Ólafsfjarðareignarfallið: niðurstöður

19.5.1 Heildarniðurstöður

Í Tilbrigðakönnunum 1 og 2 voru samtals sjö setningar með Ólafsfjarðareignarfallinu athugaðar, ein í þeirri fyrstu (T1039) og sex í þeirri næstu (sjá (13.9) í 13. kafla í *Tilbrigðabók II*). Í töflu 19.17 sjáum við fimm þessara setninga (sjá líka töflu 13.23):⁴⁵

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1039	Tölvan mömmu var tekin en ekki mín.	16,4	11,6	72,0	100	769
b. T2006	Peysan mömmu varð eftir á snúrunni.	11,2	9,5	79,3	100	747
c. T2086	Bíllinn Jóns var á sumardekkjum.	19,1	8,2	72,7	100	752
d. T2030	Loksins fann ég þá í vasanum mömmu .	7,0	9,6	83,4	100	752
e. T2046	Þetta er boltinn pabba míns .	14,0	13,3	72,7	100	751

Tafla 19.17: Mat á Ólafsfjarðareignarfallinu: áþreifanleg eign.

Setningarnar í töflu 19.17 eiga það sameiginlegt að undanskildu eignarfallinu að áþreifanleg eign er táknuð í þeim öllum: tölva, peysa, bíll, vasi og bolti. Ef til vill er vasi svolítið sér á báti þar sem hann getur verið óaðskiljanleg eign, sbr. *vasinn á buxunum*, en einnig er hægt að tala um hann einan og sér (án vísunar til buxna) sem áþreifanlega eign einhvers, sbr. *vasinn mömmu* (sjá að öðru leyti umræðu í 13. kafla í *Tilbrigðabók II*).

Á landsvísi fá setningarnar í töflu 19.17 ekki góðar viðtökur, T2030 *Loksins fann ég þá í vasanum mömmu*, er samþykkt minnst en skástar viðtökur fær T2086 *Bíllinn Jóns var á sumardekkjum*, en 19,1% allra þátttakenda samþykkir hana.

Til viðbótar áþreifanlegri eign voru eftirfarandi setningar kannaðar (sbr. töflu 13.23):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
f. T2010	Hesturinn stráksins var seldur um daginn.	16,0	12,4	71,6	100	744
g. T2050	Nefið Magnúsar er ennþá bólgið eftir aðgerðina.	12,4	12,3	75,3	100	749

Tafla 19.18: Mat á Ólafsfjarðareignarfallinu: lifandi vera og óaðskiljanleg eign.

Þessar setningar eru athyglisverðar, ekki síst m.t.t. til umræðunnar um *hjá*-liði hér að framan. Í setningu T2010 er eignin lifandi vera, hestur, en óaðskiljanleg eign, nef, í T2050. Áður sáum við að meðal *hjá*-liða þykir síðra að eignarorðið tákni lifandi veru en t.a.m. áþreifanlega eign. Að auki þykir það betra ef samband eignarorðsins og eigandans sýnir ekki setningafræði fjölskyldutengsla, en *hestur* sem eignarorð gerir það ekki (sbr. það að *hesturinn minn* er mun eðlilegri málnotkun að mínu mati en ??*hestur minn*; í það minnsta er tækt að segja *hesturinn minn*, öfugt við t.d. **bróðirinn minn*). Því er eftirtektarvert hve hátt hlutfall þátttakenda samþykkir T2010 *hesturinn stráksins* í samanburði við önnur dæmi um Ólafsfjarðareignarfallið sem tákna áþreifanlega eign. Lægra hlutfall málhafa samþykkir T2050 *nefið Magnúsar* en T2010 *hesturinn stráksins* og að sama skapi fengu T1044 *lungunum hjá henni* (20,0% samþykki) og T1094 *nefið hjá honum* (21,8%) (óaðskiljanleg eign) verri viðtökur en T1098 *hundurinn hjá henni* (27,0%) (lifandi vera, sýnir ekki setningafræði fjölskyldutengsla).

Þrátt fyrir að hlutfall jákvæðs mats á T2050 sé lægra en fyrir flestar aðrar setningar sem hafa Ólafsfjarðareignarfallið er það þó svipað og fyrir T2006 *peysan mömmu* og

⁴⁵ Hver dæmasetning í töflunum í kafla 19.5 er merkt sama bókstaf og sömu setningar í töflu 13.23 í 13. kafla í *Tilbrigðabók II*.

hærra en fyrir T2030 *vasanum mömmu*. Það eru því engar óyggjandi vísbendingar um að greinarmunur sé gerður í Ólafsfjarðareignarfallinu á áþreifanlegri eign annars vegar og hins vegar óaðskiljanlegri eign og eignarfallslíðum þar sem eignarorðið táknar lifandi veru (hér kemur í ljós að það skiptir máli hvernig við greinum *vasanum mömmu* sem var minnst samþykkt af setningunum í *töflum 19.17–19.18* en ekki verður farið nánar út í það hér).

19.5.2 Niðurstöður eftir könnunarstöðum

Í þessum kafla hefur komið fram að Ólafsfjarðareignarfallið, eins og nafnið bendir til, er bundið við ákveðna landshluta eða staði á landinu. Við skulum reyna að átta okkur á því hvaða landshlutar eða staðir þetta eru — við skoðum fyrst landshluta en eftirfarandi tafla er fengin úr 13. kafla (*tafla 13.27*):

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T1039	Tölván mömmu var tekin en ekki mín.	9,9	11,1	16,4	12,4	11,9	47,0	18,6	10,6
b. T2006	Peysan mömmu varð eftir á snúrunni.	5,0	16,0	3,9	7,8	6,1	41,5	12,3	9,7
c. T2086	Bíllinn Jóns var á sumardekkjum.	6,7	12,0	16,3	18,4	10,4	45,1	28,6	24,7
d. T2030	Loksins fann ég þá í vasanum mömmu .	8,7	4,0	2,3	4,9	3,7	25,9	3,6	6,5
e. T2046	Þetta er boltinn pabba míns .	12,5	16,0	11,8	8,7	8,9	32,9	19,3	10,8
f. T2101	Hesturinn stráksins var seldur um daginn.	12,7	6,0	17,2	7,8	12,9	28,0	21,4	22,8
g. T2050	Nefið Magnúsar er ennþá bólgið eftir aðgerðina.	8,7	14,0	12,6	5,8	11,1	29,3	8,8	12,0

Tafla 19.19: Jákvætt mat á Ólafsfjarðareignarfallinu, flokkað eftir landshlutum.

Í 13. kafla kom fram að Norðvesturland sker sig úr hvað varðar samþykki á Ólafsfjarðareignarfallinu og það kemur berlega í ljós í *töflu 19.19*. Á myndum 13.1–13.2 í *Tilbrigðabók II* var svo skoðað á hvaða stöðum Ólafsfjarðareignarfallið var mest samþykkt í Könnunum 1 og 2 (þetta var sýnt fyrir setningu T1039 á mynd 13.1 og setningar T2006, T2086 og T2030 á mynd 13.2). Siglufjörður skar sig úr og einnig Sauðárkrúkur. Þá kom fram á myndunum tveimur að Ólafsfjarðareignarfallið var meira samþykkt á Kirkjubæjarklaustri og Patreksfirði en annars staðar. Við skulum rýna aðeins betur í setningarnar þrjár sem liggja til grundvallar mynd 13.2, T2006, T2086 og T2030, ásamt T2046, m.t.t. þessara fjögurra könnunarstaða.

Númer	Setning	Ki.	Pa.	Sau.	Si.
b. T2006	Peysan mömmu varð eftir á snúrunni.	10,0	22,2	44,0	75,0
c. T2086	Bíllinn Jóns var á sumardekkjum.	30,0	37,0	36,0	82,1
d. T2030	Loksins fann ég þá í vasanum mömmu .	0,0	3,8	20,0	51,9
e. T2046	Þetta er boltinn pabba míns .	15,0	29,6	36,0	53,6

Tafla 19.20: Jákvætt mat á Ólafsfjarðareignarfallinu á Kirkjubæjarklaustri (Ki.), Patreksfirði (Pa.), Sauðárkrúki (Sau.) og Siglufirði (Si.).

Í öllum tilfellum er Ólafsfjarðareignarfallið mest samþykkt á Siglufirði. Þar samþykkir mjög hátt hlutfall þátttakenda T2006 *peysan mömmu* (75,0%) og T2086 *bíllinn Jóns* (82,1%). Nokkru lægra hlutfall samþykkir svo T2030 *vasanum mömmu* og T2046

boltinn pabba míns, eða rúmur helmingur hvora setningu. Á stöðunum fjórum er T2030 minnst samþykkt en eins og komið hefur fram nýtur eignarliðurinn *vasanum mömmu* sérstöðu að einhverju leyti (sjá umræðu í 13. kafla). Við getum aftur á móti eingöngu getið okkur til um það hvers vegna færri á Siglufirði samþykkja T2046 en T2006 og T2086, ef mark er takandi á þessum mun yfirhöfuð, en það liggur beint við að spyrja hvort það skipti máli að eignarfallsliðurinn er frumlag í T2006 og T2086 en sagnfylling í T2046. Séu tölurnar skoðaðar á landsvísu er ekki tilefni til að gera ráð fyrir að þetta skipti máli, þar sem T2046 er meira samþykkt en T2006. Þar að auki er vert að minnast á niðurstöður úr forkönnun verkefnisins þar sem sama setning, *Þetta er bíllinn Jóns*, var lögð fyrir Ólafsfirðinga. 20 (95%) samþykktu hana en aðeins einn (5%) hafnaði henni. Þetta bendir mjög sterklega til að ekki skipti máli hvort um frumlag eða sagnfyllingu sé að ræða. Því má svo bæta við að í forkönnuninni voru einnig tvær setningar kannaðar þar sem Ólafsfjarðareignarfallsliðurinn var andlag sagnar: *Ég tek bara bíllinn mömmu og Hefurðu lesið bókina Auðar?* Skemmst er frá því að segja að Ólafsfirðingar samþykktu flestir þessar setningar. 18 (95%) samþykktu þá fyrri en einn (5%) taldi hana ótæka. 17 (81%) samþykktu þá síðari, tveir (10%) töldu hana vafasama og tveir (10%) sögðu hana ótæka. Um niðurstöður forkönnunarinnar hvað varðar Ólafsfjarðareignarfallið má frekar lesa í BA-ritgerð Gunnhildar Ottósdóttur (2006).

Í T2010 og T2050 var það skoðað hvort tækt væri að hafa lifandi veru og óaðskiljanlega eign sem eignarorð. Þegar tölur fyrir allt landið eru skoðaðar virðist ekki mikill munur á slíku og öðrum setningum með eignarfallinu. Hér gæti hins vegar verið gagnlegt að líta fyrst og fremst til þeirra staða þar sem Ólafsfjarðareignarfallið er samþykkt í talsverðum mæli.

Númer	Setning	Ki.	Pa.	Sau.	Si.
f. T2010	Hesturinn stráksins var seldur um daginn.	45,0	23,1	20,0	50,0
g. T2050	Nefið Magnúsar er ennþá bólgið eftir aðgerðina.	5,0	11,1	28,0	53,6

Tafla 19.21: *Jákvætt mat á Ólafsfjarðareignarfallinu á Kirkjubæjarklaustri (Ki.), Patreksfirði (Pa.), Sauðárkróki (Sau.) og Siglufirði (Si.).*

Setningin T2050 *Nefið Magnúsar er ennþá bólgið eftir aðgerðina* virðist almennt ekki talin jafngóð og T2006 *Peysan mömmu varð eftir á snúrunni* og T2086 *Bíllinn Jóns var á sumardekkjum* (sé eingöngu miðað við hlutfall samþykkis á hverjum stað; við höfum enga ástæðu til að ætla að sá sem samþykkir bæði T2050 og t.d. T2006 geri greinarmun á setningunum). Það er því vel hugsanlegt að takmörk séu á notkun Ólafsfjarðareignarfallsins m.t.t. óaðskiljanlegrar eignar þótt þetta geti ekki talist sterk vísbending um það. Aftur á móti eru engin augljós merki um að T2010 *Hesturinn stráksins var seldur um helgina* sé síðri en t.d. T2006 *peysan mömmu* þótt hún sé minna samþykkt á Sauðárkróki og Siglufirði.

Könnun Gunnhildar Ottósdóttur (2006) sem hún lagði fyrir 13 nemendur í 9. bekk og sex eldri málhafa (tvo úr hverjum eldri aldurshópna) á Ólafsfirði varpar nokkru ljósi á þetta. Mjög hátt hlutfall samþykkti „hefðbundið“ Ólafsfjarðareignarfall í setningunum *Af hverju er peysan mömmu á snúrunni?* (90%) og *Gamli bíllinn Jóns er aftur kominn á verkstæði* (84%). Hins vegar samþykkti frekar lágt hlutfall (22%) setninguna *Hestinum stráksins var slátrað um haustið*. Hér verður ekki séð að ástæðan geti verið önnur en sú að eignarorðið er lifandi vera (sem þó sýnir ekki setningafræði fjölskyldutengsla); ástæðan er varla sú að þetta er þágufallsfrumlag og enn síður sú að setningin er í þolmynd en ekki

germynd — í Tilbrigðakönnun 1 var þolmyndarsetningin *Tölvan Jóns var tekin en ekki mín* talsvert samþykkt, þ.e. á mælikvarða Ólafsfjarðareignarfallsins.

19.5.3 Niðurstöður eftir aldri og menntun

Lítum næst á það hvernig niðurstöðurnar skiptast eftir aldri (sjá líka töflu 13.24 í *Tilbrigðabók II*):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
a. T1039	Tölvan mömmu var tekin en ekki mín.	20,6	12,2	13,5	19,3
b. T2006	Peysan mömmu varð eftir á snúrunni.	16,0	7,4	7,8	14,6
c. T2086	Bíllinn Jóns var á sumardekkjum.	31,1	14,8	13,8	15,8
d. T2030	Loksins fann ég þá í vasanum mömmu .	15,8	3,5	3,1	5,7
e. T2046	Þetta er boltinn pabba míns .	16,9	9,9	12,3	17,6
f. T2010	Hesturinn stráksins var seldur um daginn.	20,1	8,0	12,4	25,5
g. T2050	Nefið Magnúsar er ennþá bólgið eftir aðgerðina.	23,7	8,0	8,7	8,8

Tafla 19.22: *Jákvætt mat á Ólafsfjarðareignarfallinu, flokkað eftir aldri.*

Sumt í þessari töflu kemur talsvert á óvart, einkum það að hæst hlutfall samþykkis er í sumum tilfellum meðal 9. bekkinga; hlutfallið er alltaf hærra en meðal 20–25 og 40–45 ára; í þremur tilfellum (T1039, T2006 og T2046) er það mjög svipað og hjá 65–70 ára en í T2010 er það svolítið hærra meðal elsta hópsins en þess yngsta. Ef við hefðum ekki niðurstöður fyrir 9. bekk myndum við hugsanlega setja fram þá tilgátu að Ólafsfjarðareignarfallið væri smám saman að „fjara út“ því að það væri samþykkt hlutfallslega meira af eldri málhöfum en yngri.

Mestur er munurinn milli 9. bekkjar og annarra aldurshópa í setningu T2086 *Bíllinn Jóns var á sumardekkjum*. Ef til vill dytti einhverjum í hug að hátt hlutfall samþykkis meðal 9. bekkinga (31,1%) væri „á kostnað“ ákvæðisfornafnsins. Það virðist ekki líklegt — jafnvel þótt lægra hlutfall 9. bekkinga en eldri þátttakenda hefði samþykkt T2116 *Báturinn hans Lúlla var ekki kominn*, var hlutfallið mjög hátt, 93,8% (sjá töflu 13.11 í 13. kafla). Skoðum niðurstöðurnar fyrir T2086 m.t.t. til aldurshópa og könnunarstaða.

Könnunarstaður	9. b	20–25	40–45	65–70
Akureyri	25,0	0,0	0,0	16,7
Blönduós	25,0	25,0	0,0	20,0
Borgarfjörður	28,6	12,5	0,0	25,0
Borgarnes	62,5	12,5	57,1	12,5
Dalvík	25,0	16,7	0,0	0,0
Fáskrúðsfjörður	50,0	28,6	14,3	14,3
Flúðir	0,0	0,0	12,5	20,0
Grindavík	25,0	12,5	0,0	0,0
Hafnarfjörður	28,6	0,0	0,0	0,0
Húsavík	14,3	0,0	16,7	0,0
Hvolsvöllur	42,9	14,3	14,3	16,7
Höfn í Hornafirði	37,5	14,3	0,0	33,3
Ísafjörður	33,3	25,0	12,5	14,3
Keflavík	25,0	0,0	0,0	33,3
Kirkjubæjarklaustur	50,0	0,0	25,0	20,0
Patreksfjörður	71,4	12,5	0,0	80,0
Reyðarfjörður	28,6	0,0	33,3	0,0
Reykjavík	13,0	0,0	9,5	0,0
Sauðárkrókur	28,6	28,6	42,9	50,0
Selfoss	28,6	14,3	0,0	0,0
Siglufjörður	100,0	85,7	80,0	62,5
Stykkishólmur	50,0	25,0	12,5	0,0
Vestmannaeyjar	12,5	28,6	12,5	0,0
Vopnafjörður	0,0	12,5	28,6	20,0
Þórshöfn	0,0	28,6	0,0	12,5

Tafla 19.23: Jákvætt mat á T2086 Bíllinn Jóns var á sumardekkjum, flokkað eftir aldri og könnunarstöðum.

Eins og við sjáum í töflunni (og sáum í töflu 19.22) samþykkja 9. bekkingar Ólafsfjarðareignarfallið í T2086 í meiri mæli en eldri málhafar. Hvers vegna ætli það sé? Er notkunin farin að breiðast út um landið? Getum við búist við því í framtíðinni að Ólafsfjarðareignarfallið verði almennt samþykkt á fleiri stöðum en nú er?

Þessum spurningum er ekki auðsvarað. Hingað til hafa verið fáar vísbendingar um að Ólafsfjarðareignarfallið sé að breiðast út. Vert væri að rannsaka það betur, t.d. í viðtölum.

Í 13. kafla í *Tilbrigðabók II* sáum við að þótt fylgni við menntun væri veik var það alltaf þannig (fyrir allar sjö setningarnar) að hæst hlutfall þeirra sem minnsta menntun höfðu samþykkti Ólafsfjarðareignarfallið (fylgnin var tölfræðilega marktæk fyrir allar setningarnar nema T1039, sbr. töflu 13.25). Því er ekki úr vegi að bera saman svör grunnskólanema við svör eldri málhafa sem hafa ekki aðra menntun en úr grunnskóla.

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
a. T1039	Tölvan mömmu var tekin en ekki mín.	20,6	9,4	24,5	21,0
b. T2006	Peysan mömmu varð eftir á snúrunni.	16,0	9,1	15,6	16,7
c. T2086	Bíllinn Jóns var á sumardekkjum.	31,1	20,5	21,9	16,7
d. T2030	Loksins fann ég þá í vasanum mömmu.	15,8	4,7	6,3	7,3
e. T2046	Þetta er boltinn pabba míns.	16,9	9,1	15,6	18,2
f. T2010	Hesturinn stráksins var seldur um daginn.	20,1	13,6	29,0	25,9
g. T2050	Nefið Magnúsar er ennþá bólgið eftir aðgerðina.	23,7	11,4	12,5	10,9

Tafla 19.24: Jákvætt mat grunnskólamenntaðra á Ólafsfjarðareignarfallinu, flokkað eftir aldri.

Hér breytast tölurnar nokkuð og mun erfiðara er að greina mynstur eftir aldri. Eins og áður samþykkja 20–25 ára Ólafsfjarðareignarfallið mun síður en 9. bekkingar, þótt hlutfallið hækki vissulega nú þegar grunnskólamenntun er lögð til grundvallar. Við þetta verður munurinn á 9. bekkjum og 40–45 ára, sem og 65–70 ára, óljósari. Í töflu 19.24 sést að nú er hæst hlutfall samþykkis meðal 40–45 ára fyrir T1039 og T2010 og lítill munur er á 9. bekkjum, 40–45 ára og 65–70 ára í setningum T2006 og T2046.

Eftir sem áður samþykkja 9. bekkingar hlutfallslega mest T2086, T2030 og T2050. Hlutfall samþykkis er nokkuð svipað í þremur elstu hópunum (á bilinu 16,7%–21,9% í T2086, 4,7%–7,3% í T2030 og á bilinu 10,9%–12,5% í T2050) en talsvert hærra meðal 9. bekkinga. Því er ekki úr vegi að athuga hvort munurinn á svörum yngsta hópsins annars vegar og hinna hópanna þriggja hins vegar sé tölfræðilega marktækur. Þegar kí-kvaðratprófi er beitt sést að munurinn er marktækur fyrir T2030 ($p = 0,03$) og T2050 ($p = 0,003$) en ekki fyrir T2086 ($p = 0,06$).⁴⁶

20–25 ára málhafar skera sig úr í T1039, T2006, T2046 og T2010 að því leyti að hlutfall samþykkis er talsvert lægra en í hinum hópunum. Í þremur þessara setninga er hlutfall samþykkis svipað hjá 15 ára, 40–45 ára og 65–70 ára (á bilinu 20,6%–24,5% í T1039, 15,6%–16,7% í T2006 og 15,6%–18,2% í T2046). Munurinn á 20–25 ára og hinum hópunum er ekki marktækur fyrir neina þeirra ($p = 0,06$ í T1039; $p = 0,36$ í T2006; $p = 0,39$ í T2046).⁴⁷

Í T2010 er svo hlutfall samþykkis, sem áður segir, lægst meðal næstýngsta hópsins. Þó er hlutfallið ekki mjög svipað meðal hinna þriggja hópanna — þannig samþykkir

⁴⁶ Dreifing svara fyrir setningarnar þrjár er sýnd hér fyrir neðan:

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	61 (31,1%)	13 (6,6%)	122 (62,2%)
Aðrir	25 (19,2%)	9 (6,9%)	96 (73,8%)

Tafla 19.xxii: Mat grunnskólamenntaðra á T2086 Bíllinn Jóns var á sumardekkjum.

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	31 (15,8%)	19 (9,7%)	146 (74,5%)
Aðrir	8 (6,2%)	13 (10,0%)	109 (83,8%)

Tafla 19.xxiii: Mat grunnskólamenntaðra á T2030 Loksins fann ég þá í vasanum mömmu.

Aldurshópur	já	?	nei
9. bekkur	46 (23,7%)	19 (9,8%)	129 (66,5%)
Aðrir	15 (11,5%)	25 (19,1%)	91 (69,5%)

Tafla 19.xxiv: Mat grunnskólamenntaðra á T2050 Nefið Magnúsar er ennþá bólgið eftir aðgerðina.

⁴⁷ Dreifing svara fyrir setningarnar þrjár er sýnd í töflunum hér fyrir neðan:

Aldurshópur	já	?	nei
20–25 ára	5 (9,4%)	3 (5,7%)	45 (84,9%)
Aðrir	71 (21,3%)	33 (9,9%)	230 (68,9%)

Tafla 19.xxv: Mat grunnskólamenntaðra á T1039 Tölván mömmu var tekin en ekki mín.

Aldurshópur	já	?	nei
20–25 ára	4 (9,1%)	3 (6,8%)	37 (84,1%)
Aðrir	45 (16,1%)	27 (9,6%)	208 (74,3%)

Tafla 19.xxvi: Mat grunnskólamenntaðra á T2006 Peysan mömmu varð eftir á snúrunni.

Aldurshópur	já	?	nei
20–25 ára	4 (9,1%)	6 (13,6%)	34 (77,3%)
Aðrir	48 (17,0%)	39 (13,8%)	195 (69,1%)

Tafla 19.xxvii: Mat grunnskólamenntaðra á T2046 Þetta er boltinn pabba mín.

talsvert lægra hlutfall 9. bekkinga en 40–45 ára málhafa setninguna. 65–70 ára eru svo þarna einhvers staðar mitt á milli.

19.5.4 Samantekt og umræða

Í þessum hluta voru niðurstöður fyrir Ólafsfjarðareignarfallið kannaðar. Mikill meirihluti málhafa telur eignarfallsgerðina ótæka en augljóst er að um landshlutabundið afbrigði er að ræða. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar eingöngu með hliðsjón af aldri virðist sem hærra hlutfall yngstu málhafanna samþykki Ólafsfjarðareignarfallið en í öðrum aldurshópum. Þegar við skoðuðum niðurstöðurnar einnig m.t.t. menntunar virtist þessi munur á aldurshópunum að miklu leyti jafnast út. Við höfum því ekki ástæðu til að halda að eignarfallsgerðin sé í sókn. Við höfum ekki heldur ástæðu til að gera ráð fyrir því að hún sé á undanhaldi. Ýmislegt er óljóst, t.d. vitum við ekki hvernig á að skýra það að í þremur setningum af sjö, þegar miðað er við grunnskólamenntun, er munurinn á landsvísu á 15 ára málhöfum og öðrum marktækur, þ.e. þannig að þeir yngri samþykkja setningarnar hlutfallslega meira en þeir eldri. Einnig er ekki ljóst hvers vegna 20–25 ára málhafar samþykkja sumar þessara setninga marktækt minna en aðrir aldurshópar m.t.t. grunnskólamenntunar. Mikilvægt er að þetta verði rannsakað nánar.

Ákveðnar vísbendingar eru um að Ólafsfjarðareignarfallið gangi síður þegar eignarorðið táknar lifandi veru en þegar það táknar áþreifanlega eign. Einnig er vel hugsanlegt að óaðskiljanleg eign sem eignarorð sé síður tæk í máli margra en áþreifanleg eign (sérstaklega ef við flokkum *vasanum mömmu* í T2030 sem óaðskiljanlega eign). Sé þetta rétt eru talsverð líkindi með því hvað gengur og hvað ekki í Ólafsfjarðareignarfallinu annars vegar og *hjá*-liðum hins vegar.

Full ástæða er til að rannsaka nánar mörk Ólafsfjarðareignarfallsins og skoða hvort frekari líkindi eru með því og *hjá*-eignarliðum. Þá lægi beint við að kanna hvort orð sem sýna setningafræði fjölskyldu- og félagstengsla (t.d. *mamma*, *pabbi*) gangi, sbr. *mamman stráksins*. Ýmislegt annað mætti auðvitað skoða og það þyrftu ekki endilega að vera **eignartengsl** (sbr. *billinn Jóns* þar sem Jón er eigandi bílsins). Tökum sem dæmi liðinn *dráp mannsins*. Hann er tvíræður, hann getur annaðhvort merkt að maðurinn hafi drepíð einhvern (frumlagseinkunn) eða að hann hafi verið drepinn (andlagseinkunn). Samsvarandi *hjá*-lið, *drápið hjá manninum*, væri eingöngu hægt að túlka í gerandmerkingu, þ.e. að maðurinn hafi drepíð einhvern. Vert væri að athuga hvort Ólafsfjarðareignarfallið sé hér tækt, *drápið mannsins*, og ef svo er, hvort það sé tvírætt.⁴⁸ Margt fleira í svipuðum dúr mætti tína til en ég læt staðar numið hér.

19.6 Lokaorð

Í þessum kafla hafa tvær eignargerðir verið til sérstakrar athugunar. Þær eiga það sameiginlegt að þær fá í mörgum tilfellum mjög dræmar undirtektir á landsvísu —

⁴⁸ Ég þakka Alexander Pfaff fyrir umræðu um þetta. Þess má svo geta að í fornu máli virðist Ólafsfjarðareignarfallið hafa verið mögulegt með andlagseinkunn. Nygaard (1905:132) og Faarlund (2004:60) sýna feitletraða liðinn í eftirfarandi dæmi:

(i) „[...] en meiri von þykir mér að nokkur umskipti séu orðin um **hefndina Bolla** áður þessi misseri séu liðin.“ (Laxdæla saga, bls. 1624)

Spennuspillir (e. *spoiler alert*): Þegar hér er komið sögu í Laxdælu hefur Bolli Þorleiksson verið drepinn og um það rætt að Guðrún Ósvífursdóttir vilji láta hefna hans. Bolli er því sá sem hefnir er en ekki sá sem hefnir. Aftur á móti gæti liðurinn *hefndin hjá Bolla* eingöngu þýtt að Bolli væri hefndandinn.

Þetta á við um allar setningar með Ólafsfjarðareignarfallinu og ýmsa *hjá*-eignarliði. Ástæðan fyrir undirtektunum er hins vegar ekki sú sama. *Hjá*-eignarliðir eru í mörgum tilfellum samþykktir einna helst af yngri málhöfum. Þetta á fyrst og fremst við um *hjá*-liði þar sem eignarorðið táknar lifandi veru og óaðskiljanlega eign. Þetta kann að benda til að málið sé að breytast. Ólafsfjarðareignarfallið, að teknu tilliti til menntunar, er hins vegar ekki samþykkt frekar af yngri málhöfum en eldri þótt sú sé raunin fyrir sumar setninganna. Ástæðan fyrir því hve lágt hlutfall samþykkir það er að setningagerðin er landshlutabundin, raunar er hún bundin við fremur fáa staði á landinu, að því er virðist.

Rannsóknir Tilbrigðaverkefnisins hafa leitt ýmislegt forvitnilegt og mikilvægt í ljós en um leið vakna frekari rannsóknarspurningar:

- (19.45) a. Er hin útvíkkaða notkun *hjá*-eignarliða raunveruleg málbreyting?
b. Hvers konar málbreyting er það þá?
c. Er líklegt að samfara útvíkkaðri notkun yrði notkun eignarfalls mjög takmörkuð, líkt og í færeysku?
d. Væri undanhald eignarfalls orsök eða afleiðing útvíkkaðrar notkunar *hjá*-eignarliða?
- (19.46) a. Hver eru mörk Ólafsfjarðareignarfallsins? Er t.a.m. hægt að segja *dóttirin Guðmundar*?
b. Hvers vegna samþykkir gjarnan lægra hlutfall 20–25 ára málhafa en annarra Ólafsfjarðareignarfallið? Hvernig getum við útskýrt að fyrir sumar setninganna er hæst hlutfall samþykkis meðal 15 ára málhafa?
c. Er Ólafsfjarðareignarfallið í sókn eða á undanhaldi á einhverjum stöðum?

Tæpt hefur verið á sumum þessara spurninga þótt ekki hafi fengist fullnægjandi svör. Þær og fleiri bíða betri tíma.

Rit sem vísað er til í þessum kafla

- Ásta Svavarsdóttir 1994. Enn um eignarfallsflóttu. *Jónína hans Jóns G. Friðjónssonar fimmtugs*, bls. 7–13. Reykjavík.
- Bjarki Már Karlsson. 2005. *Hvørsfall*. Eignarfall í færeysku nútímamáli. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Björn Jónsson. 1900. *Íslensk stafsetningarorðbók*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Boneh, Nora, og Ivy Sichel. 2010. Deconstructing Possession. *Natural Language and Linguistic Theory* 28:1–40.
- Delsing, Lars-Olof. 2003. Syntaktisk variation i nordiska nominalfraser. Øystein Alexander Vangsnes, Anders Holmberg og Lars-Olof Delsing (ritstj.): *Dialektsyntaktiska studier av den nordiska nominalfrasen*, bls. 11–64. Novus, Oslo.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2006. *Tölván hjá mér er biluð*. Notkun forsetningarinnar *hjá* í eignarmerkingu. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2008. „Eigi hæli ég bitinu hans Ættartanga“. Um sérnafnsgreini og eignarfall í íslensku að fornu og nýju. Námskeiðsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2000. Föll og kyn að fornu og nýju. *Orðhagi*. Afmæliskefja til Jóns Aðalsteins Jónssonar, bls. 36–38. Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2010. Smágrein handa Kristínu. *Nokkrar handlínur bróðeraðar handa Kristínu Bjarnadóttur sextugri 9. janúar 2010*, bls. 27–32. Reykjavík.

- Faarlund, Jan Terje. 2004. *The Syntax of Old Norse*. With a Survey of the Inflectional Morphology and a Complete Bibliography. Oxford, Oxford University Press.
- Freeze, Ray. 1992. Existentials and Other Locatives. *Language* 68(3):553–595.
- Friðrik Magnússon. 1984. Um innri gerð nafnliða í íslensku. *Íslenskt mál* 6:81–111.
- Guðjón Ragnar Jónasson. 2008. *Ólafsfirska*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gunnhildur Ottósdóttir. 2006. „Ólafsfjarðareignarfallið“. Eignarsambönd í íslensku með áherslu á eitt lítið mállýskuaftbrigði. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gustavs, Owe. 1982. Entstehung und Funktion isländischer Akkusativkonstruktionen bei der Präposition *með* ‘mit’. *Íslenskt mál* 4:117–157.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2006. The Icelandic Noun Phrase. Central Traits. *Arkiv för nordisk filologi* 121:193–236.
- Helga Eggertsdóttir. 2009. *Eignarfallsflótti*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1979. Eignarfallsflótti. Uppástunga um nýja málvillu. *Íslenskt mál* 1:88–95.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1999. Orð í belg um eignarfallsflótti. *Íslenskt mál* 21:151–160.
- Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eypórsson og Einar Freyr Sigurðsson. 2011. The Passive of Reflexive Verbs in Icelandic. *Nordlyd* 37:39–97.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. *Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 2015. Tilbrigði í færeyskri og íslenskri setningagerð. Turið Sigurðardóttir og María Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur* 8, bls. 183–213. Fróðskapur, Tórshavn.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Ásta Svavarsdóttir, Þórhallur Eypórsson og Jóhannes Gísli Jónsson. 2007. The Icelandic (Pilot) Project in ScanDiaSyn. *Nordlyd* 34:87–124.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris S. Hansen. 2012. *Faroese. An Overview and Reference Grammar*. 2. útg. Fróðskapur, Þórshöfn, og Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Fyrst útg. hjá Føroya Fróðskaparfelagi, Þórshöfn, 2004.]
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2013. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. I. Markmið, aðferðir og efniviður*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2015. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Irie, Koji. 1997. Possessive Verbs in Modern Icelandic. *Tokyo University Linguistics Papers* 16:307–329.
- Íslendinga sögur. 1985–1986. Ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík:
Sögur sem vísað er til í þessum kafla: Bjarnar saga Hítðalakappa, Brennu-Njáls saga, Egils saga, Grettis saga og Laxdæla saga.
- Íslensk orðabók. 2002. Mörður Árnason (ritstj.). A–L. 3. útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.
- Íslensk orðtíðnibók. 1991. Ritstjóri Jörgen Pind. Meðhöfundar Friðrik Magnússon og Stefán Briem. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

- Jóhannes Gísli Jónsson. 2017. Avoiding Genitive in Icelandic. Höskuldur Þráinsson, Caroline Heycock, Hjalmar P. Petersen og Zakaris Svabo Hansen (ritstj.): *Syntactic Variation in Insular Scandinavian*, bls. 142–163. John Benjamins, Amsterdam.
- Jón G. Friðjónsson. 1978. *A Course in Modern Icelandic*. Texts, Vocabulary, Grammar, Exercises, Translations. Tímaritið Skák, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 1979. Sambeyging í tilvísunarliðum, er vísa til eignarfalls eða eignarfor nafns. *Íslenskt mál* 1:129–138.
- Kayne, Richard S. 1993. Toward a Modular Theory of Auxiliary Selection. *Studia Linguistica* 47:3–31.
- Kjartan G. Ottósson. 1986. Mörk orðmyndunar og beygingar. Miðmynd í nútímaíslensku. *Íslenskt mál* 8:63–119.
- Kress, Bruno. 1982. *Isländische Grammatik*. VEB Verlag Enzyklopädie, Leipzig.
- Kristín Áslaug Þorsteinsdóttir. 2009. *Afdrif eignarfallsins*. Staða eignarfalls í íslensku nútímamáli. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kroch, Anthony S. 1989. Reflexes of Grammar in Patterns of Language Change. *Language Variation and Change* 1:199–244.
- Kroch, Anthony S. 2001. Syntactic Change. Mark Baltin og Chris Collins (ritstj.): *The Handbook of Contemporary Syntactic Theory*, bls. 699–729. Blackwell, Oxford.
- Levinson, Lisa. 2011. Possessive WITH in Germanic: HAVE and the Role of P. *Syntax* 14(4):355–393.
- Lockwood, W(illiam) B. 1977. *An Introduction to Modern Faroese*. Føroya Skúlabókagrunnur, Þórshöfn. [Fyrst útg. 1955 í Kaupmannahöfn, ný endurprentun hjá Føroya Skúlabókagrunni 2002.]
- Myler, Neil, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood. 2014. Predicative Possession Builds on Top of Attributive Possession: Evidence from Icelandic. Fyrirlestur fluttur í málstofunni Understanding Possession á GLOW 37 í Brussel, 5. apríl.
- Nygaard, Marius. 1905. *Norrøn syntaks*. Aschehoug, Kristiania.
- Ragnhildur Gunnarsdóttir. 2015. *Betra líf bíður mæðgunum*. Setningafræðilegur eignarfallsflótti. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Staksberg, Marius. 1996. Sa-possessiv. *Málting* 18:28–32.
- Staksberg, Marius. 1999–2000. Hjá fyrri á og í. http://www.fmn.fo/maltattur/maltattur3.html#Hjá_fyrri_á_og_í.
- Stolz, Thomas, Sonja Kettler, Cornelia Stroh og Aina Urdze. 2008. *Split Possession*. An Areal-linguistic Study of the Alienability Correlation and Related Phenomena in the Languages of Europe. John Benjamins, Amsterdam.
- Szabolcsi, Anna. 1981. The Possessor that Ran Away from Home. *The Linguistic Review* 3:89–102.
- Tilbrigðabók I* = Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.) 2013.
- Tilbrigðabók II* = Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.) 2015.
- Wood, Jim. 2009. Icelandic Imposters and the Proprial Article. *NYU Working Papers in Linguistics* 2.
- Wood, Jim. 2013. The Unintentional Causer in Icelandic. Yelena Fainleib, Nicholas LaCara, og Yangsook Park (ritstj.): *Proceedings of NELS* 41:273–286.
- Wood, Jim, og Inna Livitz. 2012. What Isn't an Oblique Subject in Russian and Icelandic? Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni Non-Canonically Case-Marked Subjects within and across Languages and Language Families: Stability, Variation and Change, Háskóla Íslands, Reykjavík, 5. júní.

SUMMARY

This chapter focuses on two constructions, *hjá*-possessives (or *hjá*-phrases) and the so-called Ólafsfjörður genitive (also discussed in chapter 13 in *Tilbrigðabók II*). The acceptance of these constructions is mainly affected by two social variables: The seemingly novel use of *hjá*-possessives is accepted much more by younger speakers than the older ones, which may suggest an ongoing change, whereas the latter is restricted to certain places in Iceland, mainly in the north — one of them is, namely, Ólafsfjörður, a town in the north of Iceland.

The preposition *hjá* ‘at, with’ has mainly had a locative use in the history of Icelandic. However, its use to denote a relation between a possession (possee) and a possessor has become more frequent. That is interesting with respect to Faroese, in which *hjá*-possessives are very frequent. While it is perfectly fine to use *hjá*-phrases to express a relation between a concrete possession and an animate possessor, *hjá*-phrases are not used in Faroese to express some other relations between a possession and an animate possessor, such as kinship relations. In IceDiaSyn we wanted to find out whether *hjá*-possessives were gaining ground in Icelandic and also whether there were restrictions on their new use, similar to Faroese.

The possessor of *hjá*-possessives is obligatorily an animate being — typically human. On the other hand, we can divide *hjá*-possessives into at least five categories based on the possession or the relation between the possession and the possessor, shown in (i)–(v):

(i) **Agentive reading**

Lengsta stökkið **hjá** **Jóni** kom í síðustu umferð.
longest jump-the at Jón came in last round
‘Jón’s longest jump came in the last round.’

(ii) **Abstract possession**

Viðbrögðin **hjá** **ráðherranum** voru samt of hörð.
reactions-the at minister-the were still too hard
‘Nevertheless, the minister’s reaction was too harsh.’

(iii) **Concrete possession**

Tölvan **hjá** **henni** er biluð.
computer-the at her is broken
‘Her computer is broken.’

(iv) **Inalienable possession**

Nefið **hjá** **honum** er svo rosalega stórt.
nose-the at him is so tremendously big
‘His nose is really big.’

(v) **Kinship relation**

Mamman **hjá** **honum** bannar honum það.
mom-the at him forbids him it
‘His mother doesn’t allow him to do it.’

The results of IceDiaSyn survey 1 showed little difference between age groups for the first two classes of *hjá*-possessives, i.e. (i)–(ii) (see *tables 19.11* and *19.12*); *hjá*-phrases with agentive reading and *hjá*-phrases where abstract possession is denoted were often accepted by the vast majority of speakers (see *tables 19.1* and *19.2*). Overall it was not the case that younger speakers accepted these more than the older speakers.

Given these results, the use of *hjá*-phrases in these particular classes does not seem to be an innovation, at the very least not a very recent one.

There was a clear difference between age groups, on the other hand, for the last three classes of *hjá*-possessives, i.e. (iii)–(v). The youngest speakers accepted *hjá*-phrases with concrete possession much more than the older speakers. Such *hjá*-possessives received overall acceptance rate of 30%–65% (see *table 19.3*). The majority of all speakers rejected *hjá*-possessives where inalienable (body part) possession, on the one hand, and kinship relation, on the other, is expressed (see *tables 19.4* and *19.5*). However, there was a clear difference between speakers w.r.t. age in that the youngest speakers accepted these to a much higher degree than the older speakers (see *tables 19.9* and *19.10*).

The results show that there are clear restrictions on the use of *hjá*-possessives, somewhat similar to Faroese. Further research is needed, however, to determine whether there is an ongoing change in all of these three categories of *hjá*-possessives, i.e. (iii)–(v).

Somewhat similar to *hjá*-phrases that denote inalienable possession and kinship relations, the Ólafsfjörður genitive was rejected by the vast majority of speakers. Unlike *hjá*-possessives, however, the biggest social factor is geographical location. This construction is found in old texts, such as the sagas, but nevertheless little is known about its diachronic history.

An example of the Ólafsfjörður genitive is shown in (vi), in which the possession, ‘the computer’, is definite and the possessor, ‘mother’s’, is in the genitive. For most speakers, this is ungrammatical, as the results of IceDiaSyn clearly show (see *table 19.17*).

- (vi) **Tölvan** **mömmu** var tekin en ekki mín.
 computer-the mother’s was taken but not mine
 ‘My mother’s computer was taken but not mine.’

Most speakers would prefer the possessee not to have a definite article, i.e. *tölva mömmu*, or to use a (pre)proprial article *hennar* ‘her’, i.e. *tölvan hennar mömmu*. Some speakers might even prefer a *hjá*-possessive, *tölvan hjá henni*.

Even though this genitival construction is geographical, it is not found across whole regions, such as the north, unlike many of the phonological or phonetic dialects found in Iceland; rather, the Ólafsfjörður genitive is mainly found in certain towns across the country (see *figures 13.1* and *13.2* in vol. II of this work (*Tilbrigðabók II*)). Besides Ólafsfjörður, which was not one of the places tested in IceDiaSyn (but it was in the IceDiaSyn pilot study, where this genitival construction was accepted to a high degree), these places are: Siglufjörður and Sauðárkrúkur in the north; Patreksfjörður in North-Western Iceland and Kirkjubæjarklaustur in the south.

Many of the phonological or phonetic geographical dialects have actually been on the decrease. We might expect the same to be going on with the Ólafsfjörður genitive. The IceDiaSyn results do not, however, suggest that — the youngest speakers in the surveys even accepted the Ólafsfjörður genitive to a higher degree than 20–25 and 40–45 year old speakers; the acceptance rate of the youngest speakers and the oldest speakers (65–70) were somewhat similar (see *table 19.22*). This needs a further research.

In IceDiaSyn surveys 1 and 2, a total of seven sentences with the Ólafsfjörður genitive were tested (see *tables 19.17* and *19.18*). All of them had a human possessor;

five of them contained a concrete possession, in one of them the possessee was a horse (*hesturinn stráksins* ‘the boy’s horse’) and in one of them an inalienable (body part) possession was denoted (*nefið Magnúsar* ‘Magnús’ nose’). Focusing on Siglufjörður, Sauðárkrúkur, Patreksfjörður and Kirkjubæjarklaustur, the Ólafsfjörður genitive with inalienable possession (*nefið Magnúsar*) was accepted a bit less than most of the sentences with concrete possession (see *tables 19.20* and *19.21*). Whether this is an actual restriction on the Ólafsfjörður genitive remains to be studied as well as other syntactic restrictions on this construction. Further research that investigates the spread of the construction is also needed.